



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA  
Fornleifadeild

# Arnarfjörður á miðöldum

## Framvinduskýrsla 2023



Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 06-24

Mars 2024

**Forsíðumynd:** Horft yfir uppgraftarsvæðið á Auðkúlu sumarið 2023. Myndin er tekin með flygildi og er tekin í suður.

## EFNISYFIRLIT

1.	Grunnupplýsingar .....	8
1.	Tæknileg atriði .....	9
1.1	Útdráttur .....	9
1.2	Forsaga rannsóknar .....	10
1.3	Stjórnýsla og fjármögnun .....	12
1.4	Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2022 .....	12
1.5	Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi .....	14
1.6	Stærð og umfang uppgrafter .....	14
2.	Sumar 2023 .....	15
2.1	Svæði B - Járnvinnslusvæði .....	16
2.2	Svæði C - Bænhús og kirkjugarður .....	26
2.3	Svæði D - Skáli og öskuhaugur .....	27
2.3.1	Soðhola .....	27
2.3.2	Öskuhaugur .....	29
2.4	Svæði F - Smáhýsi .....	30
2.4.1	Prufuskurður 8 .....	30
2.5	Svæði G - Kolageymsla/ reykkofi .....	30
2.6	Svæði H - Hús 1 og Hús 2 .....	38
2.6.1	Prufuskurður 6 .....	38
2.6.2	Prufuskurður 7 .....	39
2.7	Svæði I - Fjós .....	41
3.	Niðurstöður .....	44
3.3	Svæði B - Járnvinnslusvæði .....	44
3.4	Svæði C - Bænhús og kirkjugarður .....	44
3.5	Svæði D - Skáli og öskuhaugur .....	45
3.6	Svæði F - Smáhýsi .....	46
3.7	Svæði G - Kolageymsla/reykkofi .....	47
3.8	Svæði H - Hús 1 og Hús 2 .....	50
3.9	Svæði I - Fjós .....	51
4.	Gripir og Sýni .....	53
4.1	Svæði B .....	54
4.2	Svæði C .....	54
4.3	Svæði D .....	54
4.4	Svæði G .....	55
4.5	Svæði I .....	55
5.	Lokaorð .....	56
6.	Heimildaskrá .....	57
7.	Teikningar í fleti .....	58
8.	Snið teikningar .....	61
9.	Skrár - Svæði B .....	64
9.3	Contextaskrá .....	64
9.4	Fundaskrá .....	70
9.5	Sýnaskrá .....	70
10.	Skrár - Svæði C .....	71
10.1	Contextaskrá .....	71
10.2	Fundaskrá .....	71
11.	Skrár - Svæði D .....	71
11.1	Contextaskrá .....	71

---

	11.2 Sýnaskrá.....	72
12.	Skrár - Svæði F.....	73
	12.1 Contextaskrá.....	73
13.	Skrár - Svæði G .....	74
	13.1 Contextaskrá.....	74
	13.2 Fundaskrá.....	76
	13.3 Sýnaskrá.....	77
14.	Skrár - Svæði H.....	79
	14.1 Contextaskrá.....	79
15.	Skrár - Svæði I.....	80
	15.1 Contextaskrá.....	80
	15.2 Sýnaskrá.....	81
16.	Teikningaskrá .....	82
17.	Myndaskrá .....	83



## Myndaskrá

MYND 1. SVÆÐI A-I MERKT INN Á LOFTMYND ÁSAMT STAÐSETNINGU PRUFUSKURÐA. ....	10
MYND 2. STAÐSETNING AUÐKÚLU OG HRAFNSEYRI Í ARNARFIRÐI.....	11
MYND 3. Á GAMALLI LOFTMYND SJÁST ÞRJÚ HÚS Á JÁRNVINNSLUSVÆÐINU EN TVÖ ÞEIRRA ERU KOMIN UNDIR TRÉ. KÖNNUNARSKURÐUR SEM GERÐUR VAR Í EITT ÞEIRRA BENDIR TIL TENGINGU VIÐ JÁRNVINNSLU. LJÓSMYND: LANDMÆLINGAR ÍSLANDS. HÚSIN ERU ÓRANNSÖKUÐ.....	11
MYND 4. UPPGRAFTARHÓPURINN SUMARIÐ 2023. FRÁ VINSTRI TIL HÆGRI: HAIRA, KRUPA, KATE FITZPATRICK, JAMES MCGOVERN, KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR, JONATHAN BUTTERY, ATLI RÚNARSSON OG MARGRÉT HRÖNN HALLMUNSDÓTTIR FREMST.....	13
MYND 5. STAÐSETNING PRUFUSKURÐA OG SNIÐA SEM VORU GRAFNIR SUMARIÐ 2022 OG 2023.....	15
MYND 6. STÆKKAÐ JÁRNVINNSLUSVÆÐI EFTIR FJARLÆGINGU Á YFIRBORÐSLAGI [264]. UPP ER Í SUÐUR. DRÓNAMYND: MARGRÉT HRÖNN HALLMUNSDÓTTIR. ....	16
MYND 7. HÆGT AÐ SJÁ VEGG [265] Í NORÐAUSTUR OG SUÐVESTUR HORNI. INNAN VEGGJANNA ER SVART KOLARÍKT LAG [267] SEM LÁ YFIR ÖLLU SVÆÐINU AÐ INNAN. UPP ER Í NORÐUR. DRÓNAMYND: JONATHAN BUTTERY. ....	16
MYND 8. JÁRNVINNSLUSVÆÐI EFTIR FJARLÆGINGU Á KOLARÍKU LAGI [267]. ÞAR ER AÐ SJÁ SKURÐI Á HOLUM KOMA Í LJÓS. UPP ER Í NORÐUR. DRÓNAMYND: JONATHAN BUTTERY.....	17
MYND 9. HÉR ER AÐ SJÁ FRÁ VINSTRI TIL HÆGRI – HOLU [293] SEM VAR SKORIN AF STRENG [280] ÞAR BEINT VIÐ HLIÐINA ER HOLA [282] OG FYLING HENNAR [283]. YFIR HOLUNNI AÐ HLUTA TIL VAR KOLARÍKT LAG [290]. EINUNGIS ER AÐ SJÁ FYLINGU [292] Í HOLU [291] UNDIR HOLU [282] FYRIR MIÐJU MYNDARINNAR. MYNDIN ER TEKIN Í NORÐVESTUR. LJÓSMYND: ATLI RÚNARSSON. ....	18
MYND 10. LJÓSMYND OG SNIÐTEIKNING AF HOLUM Í SUÐVESTUR HLUTA SVÆÐIS. HÉR ER AÐ SJÁ FRÁ VINSTRI TIL HÆGRI – HOLU [293] SEM VAR SKORIN AF STRENG [280] ÞAR BEINT VIÐ HLIÐINA VAR HOLA [291] SEM VAR SKORIN AF HOLU [282] ÞAR YFIR LÁ KOLARÍKT LAG [290]. MYNDIN ER TEKIN Í VESTUR. LJÓSMYND: ATLI RÚNARSSON. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	19
MYND 11. OFN [270]. EFST TIL VINSTRI: FYRIR UPPGRÖFT. EFST TIL HÆGRI: VIÐ MIÐJAN UPPGRÖFT. NEÐST: SKURÐUR OFNS VIÐ LOK UPPGRAFTAR. UPP ER Í NORÐVESTUR. LJÓSMYNDIR: MARGRÉT HRÖNN HALLMUNSDÓTTIR.....	20
MYND 12. HÉR ER AÐ SJÁ OFN [270] OG KOLAHOLU [284]. UPP ER Í NORÐVESTUR. LJÓSMYND: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	20
MYND 13. MYND OG SNIÐTEIKNING AF KOLAHOLU [284]. LJÓSMYND OG TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	21
MYND 14. PINNAHOLUR [301] SEM VORU SJÁANLEGAR FRAMAN VIÐ KOLAHOLU [284]. UPP ER Í VESTUR. LJÓSMYND: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR. ....	21
MYND 15. LITLAR STOÐARHOLUR [306] (MÆLISTIKAN ER VIÐ HOLUNA) OG [297]. LJÓSMYND: ATLI RÚNARSSON.....	21
MYND 16. SNIÐ OG SNIÐTEIKNING Á HOLU [311]. LJÓSMYND: ATLI RÚNARSSON. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	22
MYND 17. SNIÐ OG SNIÐTEIKNING AF MÖGULEGRI STOÐARHOLU [299]. LJÓSMYND: ALI RÚNARSSON. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	22
MYND 18. SNIÐ OG SNIÐTEIKNINGAR Á LÖGUM [302] OG [304]. LJÓSMYNDIR: ATLI RÚNARSSON, TÖLVUTEIKNINGAR: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	23

MYND 19. PINNAHOLUR [312] VIÐ AUSTURHLUTA VEGGJAR. LJÓSMYND: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	23
MYND 20. HOLA [286]. EFST: ER HOLA [286] Í FLETI. NEÐRI: SNIÐ OG SNIÐTEIKNING Á HOLU [286]. LJÓSMYNDIR OG TÖLVUTEIKNINGAR: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	24
MYND 21. EFTIR UPPGRÖFT Á HOLU [286]. ÞAR UNÐAN KOM Í LJÓS HOLA [314] SEM VAR Í BEINNI LÍNU UPP FRÁ PINNAHOLU [316] SEM ER AÐ SJÁ RÉTT OFAN VIÐ SKALANN. HOLURNAR VORU ALLAR SKORNAR Í LAG [296] SEM ER AÐ SJÁ FYRIR MIÐJU MYNDARINNAR. ÞAÐ SÉST Í TORFLAG [308] TIL HÆGRI Á MYNDinni.....	25
MYND 22. TEIKNING Í FLETI AF JÁRVINNSLUSVÆÐI VIÐ MIÐJAN UPPGRÖFT. ÞAR ER AÐ SJÁ OFNA OG HOLUR SEM VORU RANNSAKAÐAR. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR. ....	26
MYND 23. BÆNHÚS OG KIRKJUGARÐUR Á SVÆÐI C EFTIR HREINSUN. MYNDIN ER TEKIN Í SUÐAUSTUR. LJÓSMYND: KATE FITZPATRICK.....	26
MYND 24. SNIÐ OG SNIÐTEIKNING AF SKURÐI Í GEGNUM BÆNHÚS. MYNDIN SNÝR Í VESTUR. LJÓSMYND: KATE FITZPATRICK. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR. ....	27
MYND 25. GRÖF SEM HAFÐI VERIÐ GRAFIN ÁRIÐ 2016. MYNDIN SNÝR Í VESTUR. LJÓSMYND: KATE FITZPATRICK.....	27
MYND 26. SOÐHOLA [609] ([451]) Í PLANI. MYNDIN ER TEKIN Í NORÐUR. LJÓSMYND: JONATHAN BUTTERY.....	28
MYND 27. SNIÐ OG SNIÐTEIKNING Á SOÐHOLU [609] ([451]). LJÓSMYND: JONATHAN BUTTERY. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	29
MYND 28. SKURÐUR Í ÖSKUHAUG VESTAN VIÐ SKÁLANN. MYNDIN ER TEKIN MEÐ DRÓNA OG UPP ER Í SUÐUR. DRÓNAMYND: MARGRÉT HRÖNN HALLMUNSDÓTTIR. ....	29
MYND 29. SNIÐ OG SNIÐTEIKNING SEM SNÝR Í SUÐVETUR. SNIÐIÐ SÝNIR TORFVEGG [726] OG TORFHRUN [725]. LJÓSMYND: JONATHAN BUTTERY. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	30
MYND 30. UPPGRAFTARSVÆÐI G EFTIR AÐ SVÆÐI VAR HREINSAÐ OG STÆKKAÐ TIL SUÐURS. VEGGIR HÚSSINS ERU GREINILEGIR ÁSAMT KOLARÍKUM LÖGUM UTAN VIÐ INNGANGINN. UPP ER Í NORÐUR. DRÓNAMYND: ATLI RÚNARSSON. ....	31
MYND 31. VEGGIR HÚSSINS VORU ÚTFLATTIR EN ÞÓ ER HÆGT AÐ SJÁ GREINA ÚTLÍNUR HANS. HORFT ER TIL SUÐURS. LJÓSMYND: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	32
MYND 32. HRUN OG STEINHRÚGA [818] UTAN VIÐ AUSTUR OG NORÐUR HLUTA VEGGJAR. HORFT ER Í VESTUR. LJÓSMYND: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	32
MYND 33. KOLARÍKT LAG [812] Í SUÐUR ENDA UPPGRAFTARSVÆÐIS. UPP ER Í NORÐAUSTUR. LJÓSMYND: KATE FITZPATRICK.....	33
MYND 34. SNIÐ SEM SNÝR Í VESTUR Í GEGNUM SVÖRT KOLARÍK LÖG [817] OG [827]. ÞAR ER EINNIG AÐ SJÁ ELDESTÆÐI [829]. LJÓSMYND OG TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR. ....	33
MYND 35. KOLARÍK SKELLA [819] VIÐ SUÐAUSTUR ENDA HÚSSINS. MYNDIN ER TEKIN Í VESTUR. LJÓSMYNDIR: KATE FITZPATRICK.....	34
MYND 36. HÉR ER AÐ SJÁ ILLA FARIÐ GARÐLAG [816] SEM LIGGUR Í NORÐVESTUR-SUÐAUSTUR. ÞAR TIL HÆGRI ER STEINHRÚGA [818] OG SVO VEGGUR HÚSSINS [814]. LJÓSMYND: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	35
MYND 37. SNIÐ SEM SNÝR Í NORÐVESTUR Á GARÐLAGI [816]. LJÓSMYND: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	35
MYND 38. STOÐARHOLUR VIÐ INNGANGINN. TIL VINSTRI: SNIÐ OG SNIÐTEIKNING SEM SNÝR Í SUÐVESTUR Á STOÐARHOLU [825] VIÐ AUSTUR HLIÐ INNGAGNSINS. TIL HÆGRI: SNIÐ OG SNIÐTEIKNING SEM SNÝR Í SUÐUR Á STOÐARHOLU [831] VIÐ VESTUR HLIÐ INNGANGSINS. LJÓSMYNDIR: KATE FITZPATRICK OG JONATHAN BUTTERY. TÖLVUTEIKNINGAR: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	36

MYND 39. SNIÐ OG SNIÐTEIKNING SEM SNÝR Í SUÐUR Á STOÐARHOLU [833]. LJÓSMYND: JONATHAN BUTTERY. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	36
MYND 40. STOÐARHOLUR VIÐ INNAN HÚSSINS. TIL VINSTRI: SNIÐ OG SNIÐTEIKNING SEM SNÝR Í SUÐVESTUR Á STOÐARHOLU [820]. TIL HÆGRI: SNIÐ OG SNIÐTEIKNING SEM SNÝR Í SUÐUR Á STOÐARHOLU [823]. LJÓSMYNDIR: KATE FITZPATRICK OG JONATHAN BUTTERY. TÖLVUTEIKNINGAR: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	37
MYND 41. TEIKNING Í FLETI AF UPPGRAFTARSVÆÐI G VIÐ LOK RANNSÓKNA. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	38
MYND 42. SVÆÐI H TEKID MEÐ DRÓNA. EFST ER PRUFUSKURÐUR 6 OG TIL HÆGRI ER PRUFUSKURÐUR 7. UPP ER Í NORÐAUSTUR. DRÓNAMYND: JAMES MCGOVERN. ....	38
MYND 43. SNIÐ OG SNIÐTEIKNING AF SNIÐI SEM SNÝR Í AUSTUR Á PRUFUSKURÐI 6. LJÓSMYND: JAMES MCGOVERN. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR. ....	39
MYND 44. HORFT Í VESTUR YFIR PRUFUSKURÐ 7 EFTIR FJARLÆGINGU Á YFIRBORÐSLAGI. ÞAR ER SJÁ TORF VEGG [923] OG MÖGULEGT GARÐLAG [968] KOMA Í LJÓS. LJÓSMYND: ATLI RÚNARSSON. ....	40
MYND 45. SNIÐ OG SNIÐTEIKNING AF SNIÐI SEM SNÝR Í SUÐUR Á PRUFUSKURÐI 7. LJÓSMYND: ATLI RÚNARSSON. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR. ....	40
MYND 46. STAÐSETNING PRUFUSKURÐAR 9 Í FJÓSIÐ. ÞAR HÆGRA MEGIN VIÐ SÉST Í PRUFUSKURÐ 4 OG ÞAR VIÐ HLIÐINA TIL HÆGRI ER PRUFUSKURÐUR 5. MYNDIN ER TEKIN MEÐ DRÓNA OG ER UPP Í AUSTUR. DRÓNAMYND: MARGRÉT HRÖNN HALLMUNSDÓTTIR. ....	41
MYND 47. VEGGUR Í VESTUR ENDA AÐ KOMA Í LJÓS. MYNDIN ER TEKIN Í AUSTUR. LJÓSMYND: KRUPA SAYAN OG HAIRA MOHAMMAD. ....	41
MYND 48. BÁSAR AÐ KOMA Í LJÓS BEGGJA VEGNA VIÐ BOTN FJÓSSINS. ÞAR SÉST Í STEINAHELLUR SEM Hafa LEGID Í BOTNINUM. MYNDIN SNÝR Í NORÐUR. LJÓSMYND: KRUPA SAYAN OG HAIRA MOHAMMAD.....	42
MYND 49. SNIÐ (TEKID Á SKÁ) OG SNIÐTEIKNING AF SNIÐI SEM SNÝR Í NORÐUR Í PRUFUSKURÐI 9 Í FJÓSINU. LJÓSMYND: KRUPA SAYAN OG HAIRA MOHAMMAD. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	43
MYND 50. JÁRNVINNSLUSVÆÐIÐ LOKAÐ MEÐ PLASTI OG TORF SETT YFIR.....	44
MYND 51. HÉR ER UPPGRAFTARSVÆÐI C LOKAÐ MEÐ TORFI.....	45
MYND 52. SKURÐURINN Í ÖSKUHAUGINN LOKAÐUR MEÐ TORFI. ....	46
MYND 53. TEIKNING AF SMÁHÝSINU. ÞAR ER AÐ SJÁ ELDSTÆÐIÐ UTAN VIÐ SUÐUR VEGG SMÁHÝSIS. TÖLVUTEIKNING: MARGRÉT HRÖNN HALLMUNSDÓTTIR. ....	46
MYND 54. PRUFUSKURÐUR 8 LOKAÐUR MEÐ TORFI. MYNDIN ER TEKIN Í SUÐVESTUR. LJÓSMYND: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	47
MYND 55. KOLAGEYMSLUHÚS EÐA REYKKOFI LOKAÐ MEÐ TORFI. DRÓNAMYND: KATE FITZPATRICK. ....	49
MYND 56. TEIKNING AF HÚSI 1, HÚSI 2 OG GARÐLÖGUM [918/967], [968] OG [965]. ÞAR HEFUR TEIKNINGUM Í FLETI VERIÐ BÆTT INN ÞAR SEM STAÐSETNING PRUFUSKURÐA 6 OG 7 VORU. UPP ER Í NORÐUR. TÖLVUTEIKNING: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR.....	50
MYND 57. TIL VINSTRI: PRUFUSKURÐUR 6 LOKAÐUR MEÐ TORFI. HORFT TIL NORÐVESTURS. TIL HÆGRI: PRUFUSKURÐUR 7 LOKAÐUR MEÐ TORFI. HORFT TIL NORÐURS. LJÓSMYNDIR: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR. ....	51
MYND 58. HÉR ER PRUFUSKURÐUR 9 Í FJÓSIÐ LOKAÐ MEÐ TORFI. HORFT TIL AUSTURS. LJÓSMYND: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR. ....	51

## 1. Grunnupplýsingar

**Rannsóknarnúmer:** 201506-0065

**ÞJMS-númer:** 2023-52

**Stutt lýsing rannsóknar:**

Vísindarannsókn á miðaldabýlinu á Auðkúlu sem hluti af Rannsókninni Arnarfjörður á miðöldum.

**Tegund rannsóknar:**

Vísindarannsókn

**Staðsetning**

Auðkúla í Arnarfirði, Vestur Ísafjarðarsýsla, Vestfjörðum.

**GPS hnit**

Auðkúla ISN93: A 294196, N 592117

**Leyfishafi**

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

**Fjöldi starfsmanna:**

8 starfsmenn (6 fornleifafræðingar, 2 nemar)



## 1. Tæknileg atriði

### 1.1 Útdráttur


Fornleifarannsóknin Arnarfjörður á miðöldum hófst árið 2011 og hefur staðið yfir síðan. Rannsóknir hafa verið stundaðar á bæjunum Hrafseyri, Auðkúlu og Litla Tjaldanesi í Arnarfirði sem áður tilheyrði hinum gamla Auðkúluhrepp.

Rannsóknirnar á Auðkúlu hafa staðið yfir síðan árið 2015 þegar könnunarskurðir voru fyrst teknir í skálalaga rúst og á svæði þar sem gjall hafði fundist. Síðan rannsóknin hófst er búið að rannsaka níu mismunandi svæði. Þau svæði sem rannsökuð hafa verið eru; hús með óþekkt hlutverk (svæði A), járnvinntusvæði (svæði B), bænhústóft og kirkjugarður (svæði C), skáli og öskuhaugur (svæði D), mögulegt kuml (sem var svo ekkert) (svæði E), smáhýsi (svæði F), kolageymsla eða reykkofi (svæði G), Hús-1 og Hús-2 (svæði H) og fjós (svæði I). Hægt er að sjá rannsóknarsvæðin merkt inn á drónamynd hér fyrir neðan (mynd 1).

Markmið rannsóknarinnar fyrir sumarið 2023 var að skoða áður rannsökuð svæði og svara áður ósvöruðum spurningum. Voru það tóft á svæði G, yfir bænhúsinu á svæði C, stækkað svæði við járnvinntusvæði á svæði B, skurður í öskuhaug og soðholu á svæði D, prufuskurður á svæði F og prufuskurðir á svæði H. Þar að auki var opnaður nýr skurður í fjósið (svæði I) norðan við skurðinn sem var opnaður árið 2022 sem var notaður í kennslu fyrir nema.

Fornleifauppgröfturinn fór fram í ágúst og var haldið áfram samstafi við Bradford háskóla þriðja sumarið í röð. Þaðan komu tveir fornleifafræðinemar á vettvangsnámskeið.





Mynd 1. Svæði A-I merkt inn á loftmynd ásamt staðsetningu þrúfuskurða.

## 1.2 Forsaga rannsóknar


Rannsóknin á Auðkúlu er hluti að rannsókninni Arnarfjörður á miðöldum. Markmið rannsóknarinnar eru að skoða búsetuþróun Arnarfjarðar frá landnámi og fram á miðaldir. Er það gert með þverfaglegum rannsóknum og notast við aðferðafræði fornleifafræðinnar í formi uppgrafa, borkjarnarannsókna, fjarkönnunar og skráningar á fornleifum.

Fyrstu árin var eingöngu rannsakað á Hrafnseyri en árið 2013 var ákveðið að útvíkka rannsóknina á næsta bæ vestur af Hrafnseyri en þar hafði bóndinn rekið augun í mjög fornar rústir á svæði í landi Auðkúlu sem nefnist Partur. Engar heimildir eru um þessar minjar af frátalinni neðanmálgrein í Jarðabók Árna og Páls Vítalín frá 1710 þar sem greint er frá rústum í landi Auðkúlu á svæði sem kallast Partur og þar hafði fundist gjall



og sindur á yfirborði auk þess sem menn sáu til rústa sem þeir töldu vera af fornbylí manna.<sup>1</sup>

Árið 2017 hófst svo rannsókn á skálanum á Parti og kom í ljós að skálinn var stór, eða 23. metra langur, sem telst með stærri skálum. Gripir sem fundust á þessu litla svæði benda til ríkrar efnismenningar. Auk skálans fundust með borkjarnarannsókn líklegt fjós, mjög stór smiðja og öskuhaugur býlisins. Einnig fannst óþekkt býli um 100 m frá skálanum, mögulega frá sama tíma.



Mynd 2. Staðsetning Auðkúlu og Hrafnseyri í Arnarfirði

Á Auðkúlu er einstök óröskuð minjaheild. Þar eru að finna í jörðu rústir heildstæðs landnáms-/miðaldabýlis og iðnaðarsvæðis. Járnvinnslusvæðið er mjög merkilegt en fyrstu niðurstöður benda til þess að járnvinnsla varað legur en búsetan stóð.

Með rannsóknum á þessu býli gefst kostur á rannsaka heilstætt þessar minjar. Markmið rannsóknarinnar á Auðkúlu er að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- *Hvenær var skálinn í notkun?* Markmiðið er að svara þeirri spurningu með aldursgreiningum C14 og gripagreiningum og rannsóknum á formgerð skálans.

- *Var járn fullunnið á staðnum, mögulega sem söluvara?*



Mynd 3. Á gamalli loftmynd sjást þrjú hús á járnvinnslusvæðinu en tvö þeirra eru komin undir tré. Könnunarskurður sem gerður var í eitt þeirra bendir til tengingu við járnvinnslu. Ljósmynd: Landmælingar Íslands. Húsin eru órannsökuð.

<sup>1</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín. 1940:19

- *Hvert er samspil iðnaðar og landbúnaðar á staðnum?* Það er einstakt að rannsaka jörð þar sem iðnaður og landbúnaður er stundaður samhliða en járnvinnslan virðist hafa verið umfangsmeiri en sem nemur þörf eins býlis. Athyglisvert verður að bera rannsóknina saman við önnur járngerðarbýli (Iron farm) sem rannsökuð hafa verið eins og Hrísheima, Háls o.s.f.

- *Hver var þróun byggðar í norðanverðum Arnarfirði?* Rannsóknin hefur komið fram með nýja sýn á þróun byggðar í Arnafirði og haldið verður áfram að vinna með þessa rannsóknarspurningu. En sumarið 2019 bættist við ómetanleg vitneskja þegar staðfest var að Litla Tjaldanes er fornþýli. Þar að auki bætti skráning fornleifa með flygildi og notkun á hitamyndavél nýju ljósi á þróun byggðar í norðanverðum Arnarfirði.

### 1.3 Stjórnsýsla og fjármögnun

Árið 2023 fékkst styrkur frá Prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar (aðal styrktaraðili). Engin styrkur fékkst úr Fornminjasjóð árið 2023. Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri lagði til húsnæði og aðstöðu á meðan uppgreftri stóð.

### 1.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2022

Við rannsóknina sumarið 2023 störfuðu sex fornleifafræðingar frá Náttúrustofu Vestfjarða og tveir nemendur í fornleifafræði frá Bradford háskóla í Englandi. Stjórnandi var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og uppgrafarstjóri var Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin stóð yfir í fjórar vikur en hún hófst 7. ágúst og lauk þann 31. ágúst. Veður var heldur þurr en þó voru nokkrir blautir dagar inn á milli. Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir sá um skýrslugerð og tölvuteikningar.

Fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina sumarið 2023:

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Stjórnandi. Náttúrustofa Vestfjarða.

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Uppgrafarstjóri. MSc. Náttúrustofa Vestfjarða.

James McGovern. Fornleifafræðingur. MA. Náttúrustofa Vestfjarða.

Jonathan Buttery. Fornleifafræðingur. MA. Náttúrustofa Vestfjarða.

Kate Fitzpatrik. Fornleifafræðingur. MA. Náttúrustofa Vestfjarða.

Atli Rúnarsson. Fornleifafræðingur. BA. Náttúrustofa Vestfjarða.

Krupa Sayan . Fornleifafræðinemi. Bradford háskóli.

Haira Mohammad . Fornleifafræðinemi. Bradford háskóli.



*Mynd 4. Uppgrafthópurinn sumarið 2023. Frá Vinstri til hægri: Haira Mohammad, Krupa Sayan, Kate Fitzpatrick, James McGovern, Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, Jonathan Buttery, Atli Rúnarsson og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fremst.*

## 1.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Við rannsóknina er notuð single context-aðferðafræði þar sem hver eining er grafinn upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðafræði sem íslenskir fornleifafræðingar kunna og eru vanir sem og þeir bresku fornleifafræðingar sem hafa stafað við rannsóknina frá upphafi. Því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna.

Við rannsóknina voru skurðir á svæðum B, G og H opnuð og handgrafnir beint niður í náttúrulegan jarðveg. Skurðirnir voru skráðir, þar sem hver eining (e. context) var lýst, snið var teiknað og skurðurinn ljósmyndaður.

Gripir voru skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir voru varðveittir og staðsetning flestra merkt inn á teikningar. Öll bein og allir gripir voru varðveittir.

Notast var við DJI Air 2 S dróna í upphafi og lok hvers dags ef verður leyfði. Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/10 fyrir sniðteikningar og 1/20 fyrir flatarteikningar. Hnit voru skráð á öllum staurum með Trimble Juno 5 uppmælingatæki. Eigið hnitakerfi (grid) var sett upp á XY ás sem og notast við landsnets hnitakerfið ÍSNET93. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS M50 mark 2 og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnumyndir voru teknar á síma og spjaldtölvu.

## 1.6 Stærð og umfang uppgrafter

Á svæði B var opnaður 5 x 3 m stór skurður rétt norðan og í framhaldi af uppgraftersvæðinu sem opnað var árið 2016.

Á svæði C var opnað 5 x 6 m svæði aftur yfir bænhúsinu til að rannsaka uppbyggingu veggjar í bænhúsinu.

Á svæði D var tekið stærra snið í soðholu sem hafði verið rannsökuð að hluta til sumarið 2018. Þar að auki var opnað 1 x 3 m langur skurður í öskuhauginn.


Á svæði F var opnaður 1,5 m x 50 cm skurður (Prufuskurður 8) sunnan við smáhýsið í beinu framhaldi af uppgraftersvæðinu



Á svæði G var í fyrstu hreinsað yfir áður opnuðu svæði sem var 9,7 x 9,4 m á stærð sem var opnað árið 2021. Í sumarið 2023 var svæðið stækkað um 3 x 7 m í suður endanum og var því uppgriftarsvæðið alls 12,7 m á lengd og 9,4 m á breidd.

Á svæði H voru opnaðir tveir prufuskurðir til að kanna umfang þeirra minja sem lágu þar undir. Prufuskurður 6 var grafinn norðan til á svæði H þar sem virtist vera tvö garðlög eða mjög lítil bygging á yfirborði. Prufuskurður 7 var grafinn yfir þar sem Hús 2 var staðsett austan til á uppgriftarsvæðinu. Prufuskurður 6 var 1 x 5 m á stærð og prufuskurður 7 var í fyrstu 1 x 4 m á stærð og svo stækkaður í 2 x 4 m.

Á svæði I var opnaður 2 x 7 m stór skurður (Prufuskurður 9) til að fá betri hugmynd um álegu fjóssins og til kennslu.



Mynd 5. Staðsetning prufuskurða og sniða sem voru grafnir sumarið 2022 og 2023.

## 2. Sumar 2023

Sumarið 2023 var rannsakað á sjö svæðum til þess að fá svör við ósvöruðum spurningum. Þ.e. á svæðum B, C, D, F, G, H og I.



## 2.1 Svæði B - Járnvinnslusvæði

Opnað var 5 x 3 m stórt svæði norðan við uppgraftarsvæði sem var rannsakað árið 2016 til að kanna umfang járnvinnslusvæðis. Efst var yfirborðslag [264] sem var ljósbrúnt laus rôtarmikill og ormétinn jarðvegur sem lá yfir öllu svæðinu og innihélt kolaflogur, kolamola og mól. Lagið var um 30 cm á lengd. Undir yfirborðslagi var ljósbrúnt siltað lag [266]. Lagið lá yfir öllu svæðinu og var að öllum líkindum vindborið efni.



Mynd 6. Stækkað járnvinnslusvæði eftir fjarlæggingu á yfirborðslagi [264]. Upp er í suður. Drónamynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

Þar beint undir kom í ljós greinilegur torfveggur [265] sem var L-laga í laginu og náði frá austur hlið, þaðan upp til norðurs og svo beint niður til vesturs. Torfið var þétt appelsínugult og rauðbrúnt á lit og var 3 m+ á lengd, 85 cm á breidd og 30 cm á þykkt. Svart lag [267] lá upp að veggnum að sunnanverðu og náttúrulegur jarðvegur [277] var



Mynd 7. Hægt að sjá vegg [265] í norðaustur og suðvestur horni. Innan veggjanna er svart kolaríkt lag [267] sem lá yfir öllu svæðinu að innan. Upp er í norður. Drónamynd: Jonathan Buttery.



staðsettur norðan við hann. Skurður [280] fyrir ljósleiðara skar vegginn í vestur enda svæðisins.

Svart kolaríkt lag [267] lá yfir meirihluta svæðisins sunnan megin. Lagið var þétt, svart með brúnum skellum, siltað og kolaríkt silt sem innihélt gjall og litla steina. Lagið lá yfir ofnum og holum sem voru að finna á svæðinu. Líklega hefur þetta lag smitast út frá vinnusvæðinu. Lagið var alls 5 m+ á lengd og 3 m+ á breidd.



Mynd 8. Járnvinnslusvæði eftir fjarlægingu á kolaríku lagi [267]. Þar er að sjá skurði á holum koma í ljós. Upp er í norður. Drónamynd: Jonathan Buttery.

Í suðvestur horni uppgraftarsvæðis var kolaríkt lag með brenndum beinum [290]. Lagið var næstum hringlaga í laginu og lá yfir holu [291] að hluta til. Lagið var þétt, svart með gráum skellum siltað kol og brennd bein. Undir þessu lagi kom lag [310]. Lagið var grátt leirlag sem var staðsett rétt ofan á fyllingu [292] í holu [291]. Þar var þéttur grár leir sem innihélt kolaflögur og kolamola. Lagið var 35 cm á lengd, 40 cm á breidd og 5 cm á þykkt.



Mynd 9. Hér er að sjá frá vinstri til hægri – holu [293] sem var skorin af streng [280] þar beint við hliðina er hola [282] og fylling hennar [283]. Yfir holunni að hluta til var kolaríkt lag [290]. Einungis er að sjá fyllingu [292] í holu [291] undir holu [282] fyrir miðju myndarinnar. Myndin er tekin í norðvestur. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.

Hola [291] var hringlaga í fleti með brattar hliðar og rúnaðan botn. Hola [282] var skorin í fyllingu [292]. Hliðar holunnar viðast vera klæddar að hluta til með grjóti og voru einnig steinar í botninum. Fyllingin [292] var þétt, svört silt og kol með brúnum og gráum skellum sem innihélt gjall.


Hola [282] var hringlaga með brattar hliðar og rúnaðan botn. Skurðurinn var 52 cm á lengd, 30 cm á breidd og 15 cm á þykkt. Fylling holunnar [283] var þétt skellótt brúnt, beislitað, dökkbrúnt og rautt torf.

Þar sunnan við var hola [293] sem var hringlaga í fleti með brattar hliðar og rúnaðan botn. Þó var vestur hlið holunnar meira aflíðandi en erfitt var að segja þar sem hliðin var skorin af ljósleiðara [280]. Holan hafði að geyma tvær fyllingar [294] og [295]. Fylling [294] var þétt, svört silt sem innihélt kol, gjall, brennd bein og möl. Þar í miðju var linsa af lagi [295] sem var þéttur grár leir sem innihélt kol.

Skorið í miðja holu [293] var skurður á ljósleiðara sem var líklega lagður milli 1980 og 1990 sem liggur í norðvestur-suðaustur og kemur frá suður sniði um 20 cm frá suðvestur horni og liggur yfir í mitt vestur snið. Skurðurinn sker vegg [265] og holu [293].



Skurðurinn er línulaga með brattar hliðar og V-laga botn. Skurðurinn er 1.71 m á lengd, 10 cm á breidd og 29 cm á þykkt. Fylling skurðarins [281] var blanda af lögum sem ljósleiðarinn var plægður í gegnum og var þétt skellótt svört, ljósbrún og bleik silt sem innihélt mikið af kolum.



Mynd 10. Ljósmynd og sniðteikning af holum í suðvestur hluta svæðis. Hér er að sjá frá vinstri til hægri – holu [293] sem var skorin af streng [280] þar beint við hliðina var hola [291] sem var skorin af holu [282] þar yfir lá kolaríkt lag [290]. Myndin er tekin í vestur. Ljósmynd: Atli Rúnarsson. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Í suður enda uppgraftarsvæðis var hinn helmingur ofns [270] sem grafinn var árið 2016. Skurðurinn var hringlaga í plani og hafði brattar hliðar og U-laga botn. Við jaðar ofnsins voru flatir steinar [279]. Mögulega klæða þeir efri brún ofnsins og hefur svo torfi hlaðið þar upp. Steinarnir voru 26 cm á lengd, 10 cm á breidd og 11 cm á þykkt. Stór steinn var í botninum í ofninum [278] sem var að öllum líkindum tengdur járngerð eða að hann hafi fallið þar ofan í þegar ofninn var tekinn í sundur. Steinninn var 48 cm á lengd, 16 cm á breidd og 14 cm á þykkt. Fylling ofnsins [271] var svört og var mikið um kol og gjall efst, sést í rauða fyllingu sem inniheldur nokkuð af stærri kolum en var að mestu kolasalli.

Neðarlega var rauðleit þanna úr rauða. Fyrir miðju var mikið af mulnu járnríku renndu gjalli.

Líkleg leir pípa [272] var sjáanleg í miðju fyllingarinnar á ofni [270] en þessi leir pípa var einnig sjáanleg í hinum helmingi ofnsins. Lífrænt ljóst lag sem var mjög mjúkt og leirkennt og var 25 cm á lengd, 4 cm á breidd og 5 cm á dýpt. Þar beint undir var líklegur skurður á loftgati [273] sem hafði að geyma fyllingu [274].



Mynd 11. Ofn [270]. Efst til vinstri: Fyrir uppgröft. Efst til hægri: Við miðjan uppgröft. Neðst: Skurður ofns við lok uppgrافتar. Upp er í norðvestur. Ljósmyndir: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

Í um 5 cm norðaustan við brún á ofni [270] var skurður á kolaholu [284] sem var aflöng í laginu (bananalaga) með bratta hlið í norður enda, aflíðandi hlið í suður enda og rúnaðan botn. Holan virtist hafa verið kolageymsluhola þar sem enginn brunni hefur átt sér stað og var einungis kolaríkur jarðvegur. Líklega tengist holan járnvinnslu þar sem þörf var á að hafa kol nálægt. Holan var 80 cm



Mynd 12. Hér er að sjá ofn [270] og kolaholu [284]. Upp er í norðvestur. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.



á lengd. 37 cm á breidd og 10 cm á þykkt. Fyllingin [285] var þétt en molnaði auðveldlega, svört kol og silt sem innihét mikið af kolamolum og smáum steinum.



Mynd 13. Mynd og sniðteikning af kolaholu [284]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

Rétt suðaustan við skurð á holu [284] og austan við ofn [270] voru tvær pinnaholur [301]. Líklega tengjast þessar pinnaholur einhverri starfsemi við ofn [270]. Holurnar eru hringlaga í laginu með brattar hliðar og flatan botn. Fyllingin í holunum var laus dökkgrár siltaður sandur og innihélt kolaflögur. Báðar pinnaholurnar voru 7 cm í þvermál og um 4 m á dýpt.



Mynd 14. Pinnaholur [301] sem voru sjáanlegar framan við kolaholu [284]. Upp er í vestur. Ljósmynd: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.


Undir lagi [290] var lítil stoðarhola [306] sem var hringlaga í laginu, um 15 cm á lengd, 13 cm á breidd og 12 cm á dýpt. Fylling holunnar [307] var svart kolalag. Í um 50 cm norðaustan við stoðarholu [306] var hola [297] sem var líklega lítil stoðarhola eða stór pinnahola. Skurðurinn var hringlaga í laginu með brattar hliðar og V-laga



Mynd 15. Litlar stoðarholur [306] (mælistikan er við holuna) og [297]. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.


botn. Holan var 17cm á lengd, 15 cm á breidd og 10 cm á dýpt. Fylling holunnar [298] var svört silt og kol með gráum skellum sem innihélt kolamola og brennd bein.

Þar austan við var skurður á hringlaga holu [311] sem fyrst var haldið vera fylling í dæld en með frekari rannsókn kom í ljós greinilegur skurður var að finna undir fyllingunni. Holan var hringlaga í laginu með brattar hliðar og rúnaðan botn. Holan var 40 cm á lengd, 30 cm á breidd og 9 m á dýpt. Fylling holunnar [303] var þétt svört silt og kol með brúnum skellum.



Mynd 16. Snið og sniðteikning á holu [311]. Ljósmynd: Atli Rúnarsson. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.


Þar norðaustan við var skurður á mögulegri stoðarholu [299]. Litlum steinum hafði verið raðað í hálfhring utan um holuna austan megin. Holan var hringlaga með aflíðandi hliðar og rúnaðan botn. Stoðarholan var 24 cm löng, 20 cm á breidd og 7 cm dýpt. Fylling holunnar [300] var laus og fín brún rauðleit möl.



Svæðið sunnan stoðarhola [311] og [299] er mjög bylgjótt og voru þar dældir fylltar með kolaríku jarðvegi. Austast og á milli kolaholu [284] og holu [311] var svart kolalag [302]. Lagið var þétt svört silt og kol með brúnum skellum og innihélt brennd bein og torfskellur. Lagið var 1 m á lengd, 44 cm á breidd og 10 cm á þykkt. Þar austan við var blandað kolaríkt lag [304]. Lagið var þétt svört og dökkbrún silt með gráum skellum og innihélt smá brennd bein. Lagið var 90 cm á lengd, 80 cm á breidd og 5 cm á þykkt. Þar sunnan við var svart ílangt kolaríkt lag [305]. Lagið var þétt, svart silt sem var 55 cm á lengd, 30 cm á breidd og 12 cm á þykkt. Fyrst var talið að þarna væri kolahola en það mótaði ekki fyrir skurði undir og því líklega fyllt náttúrulega dæld í landslaginu.

Mynd 17. Snið og sniðteikning af mögulegri stoðarholu [299]. Ljósmynd: Ali Rúnarsson. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.





Mynd 18. Snið og sniðteikningar á lögum [302] og [304]. Ljósmyndir: Atli Rúnarsson, Tölvuteikningar: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Torflag [309] var staðsett vestan við holu [286]. Líklega er þetta það sama og [308] sem er að sjá austan við holu [286]. Lagið var þétt torf og silt sem var appelsínugult og rauðbrúnt á lit og innihélt smáar kolaflogur. Lagið var 70 cm á lengd, 30 cm á breidd og ekki vitað um þykkt að svo stöddu þar sem ekki er búið að rannsaka lagið að fullu.

Upp við austur hluta veggjar [265], sunnan megin, voru tvær pinnaholur [312]. Um 50 cm var á milli holanna og voru þær báðar mjög grunnar. Líklega var einungis bara botn þeirra eftir. Pinnaholurnar voru hringlaga í laginu með brattar hliðar og flatan botn. Fylling holanna var laus, svargrá silt og kol sem var um 8 cm í þvermál og 5 cm djúpar.




Mynd 19. Pinnaholur [312] við austurhluta veggjar. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Í um 50 cm rétt suðaustan við pinnaholur [312] og 15 cm norðvestur af holu [286] var kolarík skella [313]. Lagið var þétt appelsínugult og svartur siltaður sandur og kol sem innihélt stóra kolamola. Lagið var um 30 cm á lengd og 26 cm á breidd. Mögulega er þarna staðsetning þar sem kolum hefur verið hent þar sem enginn skurður var sjáanlegur.

Í austur enda svæðis undir lagi [267] var svart kolasmítað lag [275]. Fyrst var talið þetta vera fylling í ofni en kom svo í ljós að væri einungis lag yfir holu [286]. Lagið var þétt en molnað auðveldlega. Svart silt og kol með brúnum skellum sem innihélt kolamola, smáa steina og gjall. Kolahola [286] þar undir var hringlaga í laginu með aflíðandi hlið sunnan megin, bratta hlið við norður endann og flatan botn. Holan var grunn en hafði tvær

yllingar. Efri fyllingin [287] var þétt, millibrúnt og grátt torf og silt sem innihélt kolaflögur og smáa steina. Líklega var þarna torf sem hefur fallið ofan í holuna eftir að holan var í notkun. Neðri fylling holunnar [288] var laus svört kol með lítið af silti á milli. Mikið var um misstóra kolamola í fyllingunni.



Mynd 20. Hola [286]. Efst: er hola [286] í fleti. Neðri: Snið og sniðteikning á holu [286]. Ljósmyndir og tölvuteikningar: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Undir skurði á holu [286] í vestur enda var skurður á lítilli holu eða pinnaholu [314] sem var 15 cm í þvermál og 5 cm á dýpt. Holan er línu við pinnaholu [316] sem er um 80 cm suðaustan við holuna. Holan var hringlaga í laginu með aflíðandi hliðar og flatan botn. Fylling holunnar [315] var laus, svört kol og silt.

Í um 20 cm suðaustan við holu [286] var kolaskella [289]. Lagið var laust svart kolaríkt silt sem innihélt mikið af kolum. Lengd lagsins var 40 cm, breidd var 30 cm og þykkt var 3 cm. Mögulega er hér útmokstur úr kolagröf eða hluti jarðlaga staðsett á uppgraftarsvæði sem var rannsakað árið 2016. Hlutverk ekki fullvitað en ekki var að sjá skurð undir fyllingunni.

Hola [286] var skorin í kolaríkan jarðveg [296] sem var staðsettur í suðaustur og austur enda uppgraftarsvæðisins. Lagið var þéttur torfkenndur siltaður sandur, brúnn til dökkbrúnn að lit og innihélt mikið af kolaflögum. Þar undir var ein pinnahola [316] sem var staðsett í um 40 cm sunnan við holu [286]. Holan var hringlaga í laginu með brattar



hliðar og V-laga botn. Fyllingin var milli þétt svargrá silt og kol sem var um 10 cm í þvermál og 4 cm þykk.

Í suðaustur enda uppgraftarsvæðis undir lagi [296] var torflag [308]. Lagið var þétt torf og silt sem var appelsínugult og rauðbrúnt á lit og innihélt smáar kolaflögur. Lagið var 2 m á lengd, 1,5 m á breidd og ekki vitað um þykkt að svo stöddu þar sem ekki er búið að rannsaka lagið að fullu. Mögulega er þetta sama og lag [309] við vestur enda holu [286].



*Mynd 21. Eftir uppgröft á holu [286]. Þar undan kom í ljós hola [314] sem var í beinni línu upp frá pinnaholu [316] sem er að sjá rétt ofan við skalann. Holurnar voru allar skornar í lag [296] sem er að sjá fyrir miðju myndarinnar. Það sést í torflag [308] til hægri á myndinni.*


Á víð og dreif um svæðið var mögulega brennt torf [276] sem var staðsett á víð og dreif um svæðið í og undir svörtu lagi [267]. Líklega hefur þetta verið torf í ofnum sem hefur verið rífið í sundur og hent út til hliðanna. Lagið er laust, rauð-appelsínugult torf og sandur sem innihélt smáa steina og möl.

Járnvinslusvæðið gefur verið byggt á náttúrulegum jarðvegi [277]. Jarðvegurinn var sendin og siltuð möl sem var rauð og brún á lit sem innihélt smáa steina og möl.





veggi að utan en mjög lítið var eftir það því þar sem það hafði verið að mestu grafið í burtu áður. Lagið var um 5 m á lengd og mest um 10 cm á þykkt.



Mynd 24. Snið og sniðteikning af skurði í gegnum bænhús. Myndin snýr í vestur. Ljósmynd: Kate Fitzpatrick. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Aftan og rétt austan við bænhúsið var gröf sem hafði verið grafin upp árið 2016. Fyllingin hafði áður verið fjarlægð og svo aftur verið fyllt í gröfina þegar rannsóknin var lokið. Fyllingin var líklega blanda af fyllingu, hruni og yfirborði sett ofan í gröf eftir að hún var grafin. Þar efst fannst mögulegt steinlóð (**F#300**).



Mynd 25. Gröf sem hafði verið grafin árið 2016. Myndin snýr í vestur. Ljósmynd: Kate Fitzpatrick.

## 2.3 Svæði D – Skáli og öskuhaugur

### 2.3.1 Soðhola

Ákveðið var að rannsaka aftur holu [451] sem var staðsett norðan við skálann með sniði þvert yfir lengd holunnar. Holan var fyrst rannsökuð sumarið 2018 með sniði sem sneri í austur og var einungis hægt að sjá hluta holunnar. Ekki fannst þetta snið gefa góða mynd af holunni og var því ákveðið, sumarið 2023, að hreinsa ofan af holunni til að sjá heild hennar og snið tekið yfir lengd holunnar sem sneri í suður. Ljóst var við uppgröftinn í sumar að holan væri líklegast soðhola en ekki kolahola líkt og var haldið árið 2018. Nýjum númerum var gefið á hverja einingu holunnar.




Mynd 26. Soðhola [609] ([451]) í plani. Myndin er tekin í norður. Ljósmynd: Jonathan Buttery.

Skurður holunnar [609] (sama og [451]) var hringlaga í laginu með íhvolfdar hliðar og flatan botn. Holan var um 1,1 m í þvermál og 34 cm á dýpt. Hægt var að sjá þrjár fyllingar í holunni ([610], [611] og [612]). Efst var fylling [612] (sama og [452]) sem var mjúkt gulbrúnt torf sem var um 13 cm á þykkt. Fyllingin er líklega hrun út frá skála sem hefur sokkið ofan í holuna. Í miðju holunnar var kolaríkt fylling [611] sem var það sama og fylling [453] frá árinu 2018. Fyllingin var aðal fylling holunnar og var svört kol og silt sem molnaði auðveldlega og innihélt eldsprungna steina. Fyllingin var um 18 cm á þykkt og var kolasýni (D-S#001) tekið úr laginu til greiningar. Þar beint undir var neðsta fylling holunnar [610] sem var um 2 cm á þykkt, þétt fjólublá og rauðlituð mól og silt með fáum kolum. Líklega fóðraði þessi fylling holuna þar sem lagið virtist hafa verið brennt og hefur litast svo við mikinn hita.

Vestan megin við holuna er kolaríkt lag [613] sem hefur líklega legið yfir svæðinu þegar soðholan [609] var grafin. Lagið var svart kol og silt sem molnaði auðveldlega. Torf skellur voru á víð og dreif í laginu. Lagið var 7 cm á þykkt. Þar beint undir var sendið torflag [614]. Lagið var laus sandur sem var gulbrúnn að lit og 9 cm á þykkt. Líklega er þetta náttúrulegur jarðvegur sem liggur yfir náttúrulega jökulruðningnum.





Mynd 27. Snið og sniðteikning á Soðholu [609] ([451]). Ljósmynd: Jonathan Buttery. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

### 2.3.2 Öskuhaugur

Opnaður var 1 x 3 m langur skurður í öskuhauginn beint norðan við skurð sem var tekinn sumarið 2019. Við rannsóknina á öskuhaugnum var megin markmiðið að finna dýrabeinasýni til greiningar og gripir. Einungis var um eitt lag að ræða sem var svart siltaður sandur sem innihélt mikið af ösku, kolum og eldsprungnum steinum. Öskuhaugurinn var þykkastur neðst eða um 40 cm og um 20 cm efst. Varðveisluskilyrði beina voru mjög góð og fannst mikið af dýrabeinum sem verða send í greiningu. Alls fundust 14 gripir í öskuhaugnum til að mynda perlur, mögulegur örvaroddur, lykill, brýni, naglar og gripir með óþekkt hlutverk.




Mynd 28. Skurður í öskuhaug vestan við skálann. Myndin er tekin með dróna og upp er í suður. Drónamynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

## 2.4 Svæði F - Smáhýsi

### 2.4.1 Prufuskurður 8

Rétt sunnan við smáhýsið á svæði F var grafinn 1,5 m x 50 cm skurður (Prufuskurður 8) í beinu framhaldi af uppgraftarsvæðinu. Á yfirborði virtist móta fyrir garðlagi sem liggur í suðaustur-norðvestur og því ákveðið að taka skurð til að kanna hvað væri undir sverði. Við rannsóknir á prufuskurðinum kom í ljós torfveggur eða garðlag [724]. Garðlagið var byggt úr þéttu appelsínugulbrúnu torfi sem var um 50 cm+ á lengd, 45 cm á breidd og 13 cm á þykkt. Utan við garðlagið á milli þess og smáhýsisins var hrun [725]. Hrunið var mjúkt, ljósbrúnt torf sem var um 25 cm á þykkt. Erfitt er að fylgja garðlaginu á yfirborði en af því sem er sjáanlegt er lengd þess um 13 metrar, en að öllum líkindum hefur garðlagið verið lengra.



Mynd 29. Snið og sniðteikning sem snýr í suðvetur. Sniðið sýnir torfvegg [726] og torfhrun [725]. Ljósmynd: Jonathan Buttery. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

## 2.5 Svæði G - Kolageymsla/ reykkofi

Hreinsað var yfir Svæði G þar sem það hafði legið opið frá því að uppgröftur fór þar fram sumarið 2021. Svæðið var í fyrstu 9,7 x 9,4 m að stærð og var svo stækkað um 3 x 7 m við suður hliðina þar sem mikið af kolaflogum voru undir yfirborðslagi. Alls var svæðið 12,7 m á lengd og 9,4 m á breidd. Sumarið 2021 var talið að engin skýr merki voru um torf í veggjum byggingarinnar en við rannsóknir sumarið 2023 kom vel greinilegt veggjatorf í



ljós alstaðar utan við vegg byggingarinnar. Enn er ekki hægt að fullyrða hvað fór fram í þessu húsi en vinnutillaga frá árinu 2021 var að húsið hafi verið kolageymsla. Vinnutillaga um hlutverk hússins sumarið 2023 var að húsið hafi hugsanlega verið notað sem reykkofi.



Mynd 30. Uppgriftarsvæði G eftir að svæði var hreinsað og stækkað til suðurs. Veggir hússins eru greinilegir ásamt kolaríkum lögum utan við innganginn. Upp er í norður. Drónamynd: Atli Rúnarsson.

Ofan á og utan við vegg hússins var yfirborðslag **[801]** enn til staðar frá árinu 2021, þar sem einungis var einbeitt rannsóknnum innan hússins á þeim tíma. Sumarið 2023 var einbeitt rannsóknnum á jarðlögum við vegg og utan við vegg hússins. Yfirborðslagið var þurr og molnaði auðveldlega, sendin silt með smáum og milli stórum steinum og stöku kolafögum. Lagið hefur náð yfir allt uppgriftarsvæðið og var 12,7 m+ á lengd, 9,4 m+ á breidd og 13 cm á þykkt.

Undir yfirborðslaginu komu torfveggir hússins **[814]** í ljós. Veggurinn myndaði næstum hringlaga strúktúr sem hafði inngagn við suður hlið. Veggurinn samanstóð af torfi sem hafði verið fyllt í miðju með möl. Torfið var þétt og molnaði auðveldlega, brúnt með gulum blæ og innihélt kolaflogur og möl. Veggurinn var 1,40 m breiður og 20 cm á þykkt. Húsið sjálft var 7 m á lengd og 5,6 m á breidd.



*Mynd 31. Veggir hússins voru útflattir en þó er hægt að sjá greina útlínur hans. Horft er til suðurs. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir*

Utan við veggj hússins var torfhrun **[813]**. Hrunið var mjög útflatt á sumum stöðum og var auðvelt að greina mun á veggjatorfi og hruni sunnan megin þar sem svart lag **[812]** var undir hruninu. Í austur, norðaustur og norður enda voru steinar **[818]** undir hruninu. Hrunið var þétt torf og silt sem molnaði



*Mynd 32. Hrun og steinahrúga [818] utan við austur og norður hluta veggjar. Horft er í vestur. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.*

auðveldlega, brúnt með ljósbrúnum og dökkbrúnum skellum og innihélt dýrabein, kolaflögur og steina. Lagið náði í kringum rústina og var 1 m á breidd og 20 cm á þykkt.

Eftir að yfirborðlagið og hrun **[813]** hafði verið fjarlæggt og kom vel greinilegt svart kolaríkt lag **[812]** í ljós utan við inngang hússins til suðurs. Þetta þykka svarta lag var




ástæða þess að svæðið var stækkað til suðurs. Lagið molnaði auðveldlega, svart kol og silt með brúnum skellum, smáum steinum og kola molum. Á sumum stöðum var lagið blandað yfirborði og torfskellum á víð og dreif. Lagið var 6,5 m á lengd, 3 m á breidd og 10 cm á þykkt. Lagið lá ofan á lagi [817] og var meira blandað en það.



Mynd 33. Kolaríkt lag [812] í suður enda uppgriftarsvæðis. Upp er í norðaustur. Ljósmynd: Kate Fitzpatrick.

Kolaríkt lag [817] náði upp að veggjum [814] í suður enda. Lagið var mishæðótt, þétt, svart kolaríkt silt sem innihélt kolamola, kolaðan þara og smáa steina. Lagið var 6 m á lengd og 3 m á breidd. Undir þessu svarta lagi var annað kolaríkt lag [827]. Lagið var staðsett ofan á eldstæði [829]. Lagið var laust, svart kol og silt sem innihélt kolaðan þara og möl. Lagið var um 2 m á breidd og 5 cm á þykkt.

Skurður sem var um 50 cm á breidd og 4 m á lengd var tekinn í kolaríku lögin frá vegg og niður til suðurs til þess að sjá þykkt laganna. Við uppgröftinn á sniði kom í ljós líklegt eldstæði [829]. Skurðurinn var næstum hringlaga með grunnar hliðar og flatan botn. Eldstæðið var 1,46 m á lengd, 77 cm breitt og 9 cm á dýpt. Fylling eldstæðisins [830] var svargrá kol og silt sem innihélt brennda og eldsprungna steina og dýrabein.



Mynd 34. Snið sem snýr í vestur í gegnum svört kolarík lög [817] og [827]. Þar er einnig að sjá eldstæði [829]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Neðst undir lagi [827] og eldstæði [829] var sendið torflag [828] sem var túlkað sem gamalt yfirborð. Lagið var sendið torf sem var mjög mjúkt, ljósbrúnt með hvítum og



gulum blæ og innihélt smáar kolaflögur. Lagið var um 5 m á lengd, 3 m á breidd og 10 cm á þykkt.

Við suðaustur enda hússins, að utan, var kolarík skella [819] undir hruni [813]. Einungis var um smá blett að ræða og er líklegt að þessi skella sé sama og kolaríkt lag [817], en þar sem þau snertast ekki var gefið þeim sitthvort númerið. Lagið er þétt svört kol og silt sem var 40 cm á lengd, 30 cm á breidd og um 5 cm á þykkt.



Mynd 35. Kolarík skella [819] við suðaustur enda hússins. Myndin er tekin í vestur. Ljósmyndir: Kate Fitzpatrick.

Við norðaustur og austur enda á milli veggjar [814] og garðlags [816] var blandað torf og steinaríkt lag [818]. Lagið er þétt brúnt torf og silt með rauðum blæ sem innihélt mikið af eldsprungnum og sprungnum steinum. Lagið var fast upp við vegg og virðist liggja yfir garðlagi að hluta til.



Mynd 36. Hér er að sjá illa farið garðlag [816] sem liggur í norðvestur-suðaustur. Þar til hægri er steinahrúga [818] og svo veggur hússins [814]. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Garðlag [816] var staðsett í norðaustur enda uppgraftarsvæðis og lá í norðvestur-suðaustur. Veggurinn var mjög illa farinn og hefur torfið lyfst upp á sumum stöðum og var minna af torfi á öðrum stöðum. Torfið var þétt en molnaði auðveldlega, brúnt með rauðum blæ og dökkbrúnum skellum sem innihélt smáa steina. Garðlagið var 7,5 m á lengd, 1 m á breidd og 18 cm á þykkt.




Mynd 37. Snið sem snýr í norðvestur á garðlagi [816]. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Við innganginn inn í húsið utan og fast upp við austur og vestur veggj voru stoðarholur. Þar hafa líklega verið stoðir fyrir dyr á húsinu. Við austur vegg var stoðarhola [825]. Stoðarholan var hringlaga í laginu með íhvolfdar hliðar og flatan botn. Holan var 25 cm í þvermál og 9 cm djúp. Fylling stoðarholunnar [826] var mjúk gulgrátt og svart torf sem innihélt fáar kolaflogur. Vestan megin í innganginum var stoðarhola [831]. Líklega var einungis botn holunnar eftir, en skurður holunnar var hringlaga í laginu með íhvolfdar




hliðar og flatan botn. Holan var 20 cm í þvermál og um 6 m á dýpt. Fyllingin [832] var gulgrátt silt og torf sem innihélt fáar kolaflogur.



Mynd 38. Stoðarholur við innganginn. Til vinstri: Snið og sniðteikning sem snýr í suðvestur á stoðarholu [825] við austur hlið inngangsins. Til hægri: Snið og sniðteikning sem snýr í suður á stoðarholu [831] við vestur hlið inngangsins. Ljósmyndir: Kate Fitzpatrick og Jonathan Buttery. Tölvuteikningar: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.


Suðaustan við stoðarholu [831] var líkleg stoðarhola [833]. Líklega var einungis botn holunnar eftir og var skurður hennar hringlaga í laginu með íhvolfdar hliðar og flatan botn. Holan var um 17 cm í þvermál og 5 cm á dýpt. Fylling holunnar [834] var mjúk svargrátt og svart torf með kolum í.



Mynd 39. Snið og sniðteikning sem snýr í suður á stoðarholu [833]. Ljósmynd: Jonathan Buttery. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

Þó svo að innanmál hússins hafði verið grafið sumarið 2021 voru leifar gólflags [803] skilið eftir á sumum stöðum og því gefið nýtt númer [815]. Það sem var eftir af gólfinu var mjög slitrótt þétt silt sem var svart á lit með gráum blæ og innihélt kol. Undir gólfluginu var mögulega brenndur eða hitaður jarðvegur [822]. Mölin var mikið rauðari en mölin í kring. Mölin var þétt dökkrauð og fjólublá mül sem innihélt fáar kolaflogur. Sýni (G-S#013) var tekið til greiningar.


Tvær stoðarholur voru grafnar innan í húsinu upp við vegg. Í norðaustur enda innan hússins var stoðarhola [820]. Skurður holunnar var næstum hringlaga í laginu með brattar hliðar og rúnaðan botn. Holan var skorin í náttúrulegan jarðveg [811]. Holan var 19 cm í þvermál og 7 cm djúp. Fylling stoðarholunnar var laus svört kolaríkt silt sem innihélt kolamola og möl. Í vestur enda hússins var stoðarhola [823]. Holan var hringlaga í laginu með íhvolfar hliðar og flatan botn. Holan var 19 cm í þvermál og 5 cm á dýpt. Fyllingin [824] var laus svargrár sandur með fáum kolafögur.



Mynd 40. Stoðarholur við innan hússins. Til vinstri: Snið og sniðteikning sem snýr í suðvestur á stoðarholu [820]. Til hægri: Snið og sniðteikning sem snýr í suður á stoðarholu [823]. Ljósmyndir: Kate Fitzpatrick og Jonathan Buttery. Tölvuteikningar: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Húsið var reist á náttúrulegum jarðvegi [811]. Náttúrulegi jarðvegurinn var beint undir yfirborði í norðvestur horni uppgraftarsvæðis og innan í húsinu að hluta til. Jarðvegurinn var sá sami og var að sjá yfir öllu svæðinu á Auðkúlu og var þéttur, rauð appelsínugulbrún möl og silt sem innihélt stærri steina.





Mynd 41. Teikning í fleti af uppgriftarsvæði G við lok rannsókna. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

## 2.6 Svæði H – Hús 1 og Hús 2

Tveir prufuskurðir voru teknir á Svæði H sumarið 2023. Prufuskurður 6 var staðsettur í norðan til á svæðinu í beinu framhaldi á uppgriftarsvæðinu frá árinu áður til að kanna hvort að garðlag væri sjáanlegt í sniði. Prufuskurður 7 var staðsettur austan til á svæðinu í beinu framhaldi á uppgriftarsvæðinu í leit að norður enda á Húsi 2.

### 2.6.1 Prufuskurður 6


Prufuskurður 6 var 1 x 5 m á stærð og var helmingur þess grafið niður í náttúrulegan jarðveg. Með því var hægt að sjá torfveggi í sniði og plani. Efst í prufuskurðinum var yfirborðslag [901] sem var rótarmikið og mikið ormétið. Lagið



Mynd 42. Svæði H tekið með dróna. Efst er prufuskurður 6 og til hægri er prufuskurður 7. Upp er í norðaustur. Drónamynd: James McGovern.

var þétt, millibrúnt til dökkbrúnn siltaður sandur með steinum. Þar beint undir komu í ljós tveir torfveggir, suður veggur [965] og norður veggur [967] sem liggja í austur-vestur.

Suður veggurinn [965] eða garðlagið var milli þétt, skellótt appelsínugult og svart torf sem innihélt smáa steina. Veggurinn var 1 m+ á lengd og 70 cm á breidd. Norður veggurinn [967] var milli þétt skellótt dökkgrátt og appelsínugult torf sem innihélt smáa steina. Veggurinn var 1 m+ á lengd, 50 cm á breidd og 20 cm á þykkt. Á milli veggjanna var hrun úr veggjum [966]. Hrunið var milli þétt, skellótt dökkgrátt og appelsínugult torf og silt sem innihélt steina. Hrunið var 1 m+ á lengd og 92 cm á breidd.



Mynd 43. Snið og sniðteikning af sniði sem snýr í austur á prufuskurði 6. Ljósmynd: James McGovern. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.


### 2.6.2 Prufuskurður 7

Í fyrstu var opnaður 1 x 4 m stór skurður sem var svo stækkaður í 2 x 4 m á stærð. Í skurðinum fannst austur gafl á Húsi 2. Veggurinn [923] var mjög illa farinn þar sem húsið hefur líklega verið raskað til þess að reisa Hús 1 þar ofan á. Veggurinn var úr þéttu torfi, blönduðu gulu og fjólubláu torfi sem var mjög raskað. Torfið var greinilega til staðar en erfitt var að greina útlínur og umfang veggjar. Veggurinn var 2 m+ á lengd, 1,30 m á breidd og 23 cm á þykkt.



Mynd 44. Horft í vester yfir prufuskurð 7 eftir fjarlægingu á yfirborðslagi. Þar er sjá torf vegg [923] og mögulegt garðlag [968] koma í ljós. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.

Austan við vegg [923], í norðaustur horni skurðarins var mögulegt garðlag [968]. Þetta garðlag tengist að öllum líkindum við garðlag [965] sem var sjáanlegt í Prufuskurði 6. Torfið í veggnum var milli þétt skellótt appelsínugult og fjólublátt á lit og innihélt smáa steina. Veggurinn var 2,6 m á lengd, 1,28 m á breidd og 15 cm á þykkt. Rétt norðaustan við garðlagið var mögulegt torfhrun [969]. Torfið var þétt skellótt appelsínugult og fjólublátt. Hrunið var 24 cm+ á lengd, 68 cm á breidd og 17 cm á þykkt.



Mynd 45. Snið og sniðteikning af sniði sem snýr í suður á prufuskurði 7. Ljósmynd: Atli Rúnarsson. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.



## 2.7 Svæði I - Fjós

Um 4 m norðan við Prufuskurð 4 frá árinu 2022 var opnaður 2 x 7 m stór skurður (Prufuskurður 9) til að fá betri hugmynd um legu fjóssins. Skurðurinn var notaður sem kennslufni fyrir nema frá Bradford háskóla þar sem búist var við að finna sömu eða svipuð jarðlög og voru að sjá í Prufuskurði 4 frá árinu áður. Var þessi skurður því gott viðfangsefni til kennslu.



Mynd 46. Staðsetning prufuskurðar 9 í fjósið. Þar hægra megin við sést í prufuskurð 4 og þar við hliðina til hægri er prufuskurður 5. Myndin er tekin með dróna og er upp í austur. Drónamynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

Efst var yfirborðslag **[1014]** (sama og **[1000]**), brún silt og sandur sem molnaði auðveldlega og innihélt smáa steina og mikið af rótum. Lagið náði yfir allan prufuskurðinn og var 30 cm þykkt.

Undir yfirborslagi kom í ljós veggir fjóssins. Veggir á austur hlið fjóssins **[1021]** (**[1009]**) var gerður úr rauðbrúnu strengjatorfi og var 1 m+ á lengd, 1,24 m á breidd og 30 cm þykkur. Veggur á vestur hlið fjóssins **[1015]** (**[1010]**) var einnig úr rauðbrúnu strengjatorfi sem var 1 m+ á lengd, 1,4 cm á breidd og 24 cm á þykkt.



Mynd 47. Veggur í vestur enda að koma í ljós. Myndin er tekin í austur. Ljósmynd: Krupa Sayan og Haira Mohammad.

Hrun úr vegg austan megin **[1022]** (**[1004]**) var þéttur grábrúnn siltaður sandur sem innihélt mikið af mól og smáum steinum. Hrunið var 1 m+ á lengd, 1,66 m breitt og 14 cm á þykkt. Hrun úr vestur vegg **[1023]** (**[1005]**)

var mjúkt, blandað gulgrátt siltað torf og var 1m+ á lengd, 2,22 m á breidd og 19 cm á þykkt. Við vestur vegg var malarkennt lag **[1016]**. Lagið var dökkgrátt, mjög laust og innihélt mikla möl.

Undir hruni voru básar fjóssins og voru þeir sjáanlegir bæði austan og vestan megin upp frá flórnum. Bása-lag **[1018]** (**[1012]**) vestan megin í fjósi var staðsett beint undir hruni **[1005]**. Lagið var þétt siltað dökkgrátt á lit með smáum steinum. Bása-lag **[1019]** (**[1013]**) austan megin í fjósi staðsett undir hruni. Básalagið var mjúkt, ljósbrúnt appelsínugulur og gulur sandur.

Flórinn **[1020]** (**[1006]**) samanstóð af fjórum stórum flötum steinum sem voru þar með millibili. Steinarnir voru flatir en voru ekki upp við hvorn annan eins og væri að búast við með flór.




*Mynd 48. Básar að koma í ljós beggja vegna við botn fjóssins. Þar sést í steinahellur sem hafa lagið í botninum. Myndin snýr í norður. Ljósmynd: Krupa Sayan og Haira Mohammad.*

Fjósið var byggt ofan á náttúrulegum jarðvegi **[1025]** (**[1001]**) og var grafið niður í náttúrulega jökulruðninginn til að koma fyrir básum og gólfi fjóssins. Náttúrulegi jarðvegurinn var rauðbrún möl og silt með litlum og milli stórum steinum og var sjáanlegur í botni prufuskurðarins.



Ekki var hægt að opna yfir öllu fjósinu þar sem trjágróður hefur náð að sjálfsá sér yfir austurhlið fjóssins og að hluta til í botni skurðar. Líklegt er að öll austur hlið fjóssins sé skemmd vegna þessa og lítur út fyrir að frekari skemmdir muni eiga sér stað á næstu árum, eftir að skógurinn hefur náð að sá sér yfir allt svæðið.



Mynd 49. Snið (tekið á ská) og sniðteikning af sniði sem snýr í norður í þrúfuskurði 9 í fjósinu. Ljósmynd: Krupa Sayan og Haira Mohammad. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.



### 3. Niðurstöður

#### 3.3 Svæði B – Járvinnslusvæði

Fjórir greinilegir ofnar var að finna á svæði B og nokkrar minni holur sem tengjast járvinnslu. Athyglisvert er að finna torfveggi í kring um ofnana og stoðarholur en sama var að finna á þeim tveimur svæðum sem grafin hafa verið nærri svæði B. Frekari úrvinnsla er þörf til að túlka þetta og setja saman rannsóknargögn fyrri ára en það verður gert í úrvinnslu. Pinnaholur gætu tengst físelgjum sem notaðir voru. Mörg sýni voru tekin sem þarf að greina til frekari úrvinnslu en ljóst er að hús eða skjólveggir voru í kring um ofnana. Brennt torf fannst í kring um ofna sem bendir sterklega til að þeir hafi verið gerðir úr torfi. Greining sýna og samsetning ganga er nauðsýnleg til að túlka niðurstöður frekar. Verður það gert við úrvinnslu og lokaskýrslu rannsóknarinnar.

Við lok uppgrftar var komið plasti yfir uppgraftarsvæðið og torf sett þar yfir.



Mynd 50. Járvinnslusvæðið lokað með plasti og torf sett yfir.

#### 3.4 Svæði C – Bænhús og kirkjugarður

Skurðurinn sem var tekinn í gegnum bænhúsið sýndi fram á að litla bænhúsið hafi einungis verið reist úr torfi. Þó svo að lítið var eftir af torfi í veggjum bænhússins var hægt

að sjá að það hafi verið reist með strengjatorfi. Með því að opna svæðið yfir bænhúsinu og kirkjugarðinum var einnig leitað að fleiri gröfum innan kirkjugarðsins. Engar nýjar grafir voru sjáanlegar og einungis grafir sem höfðu verið rannsakaðar áður.

Við lok uppgrafter var komið torfi fyrir yfir öllu uppgraftarsvæðinu. Var þetta gert til að vernda ef grafir skildu leynast þar undir sverði sem ekki voru sjáanlegar á þeim tíma sem uppgröfturinn fór fram.



Mynd 51. Hér er uppgraftarsvæði C lokað með torfi.

### 3.5 Svæði D – Skáli og öskuhaugur

Grafið var niður í óhreyfðan jarðveg í leit að gripum og sýnum til greiningar. Ásamt gripum og dýrabeinum var mikið af eldsprungnum steinum og voru þeir skráðir á vettvangi en ekki teknir í sýni. Þau sýni sem voru tekin í sumar hafa ekki verið aldursgreind að svo stöddu en gera má ráð fyrir að þær aldursgreiningar sýni svipaða tímasetningu og þau sýni sem voru tekin árið 2018. Aldursgreiningar voru gerðar á tveimur dýrabeina sýnum úr öskuhaug frá árinu 2018 sýndi aldurinn 772- 950 calAD og 885-995 calAD.






Mynd 52. Skurðurinn í öskuhauginn lokaður með torfi.

Við rannsóknir á holu [609] var ljóst að þar væri líklegast um soðholu að ræða frekar en kolagröf líkt og var talið árið 2018. Sniðið sem var tekið árið 2018 sýndi einungis hluta holunnar og ekki farið í botn holunnar. Sniðið sem var tekið í holuna sýndi að holan væri aðeins dýpri en var talið í fyrstu og mikið meira var um eldsprungna steina. Í botni holunnar var þunnt lag af þéttu fjólubláu og rauðlitaðri möl og silt sem hefur líklega fódrað holuna. Soðhola eða seyðar eru holur sem voru notaðar til að elda mat og hefur verið mikilvægt að hafa þessa fódrun til að halda hita.

### 3.6 Svæði F – Smáhýsi

Á yfirborðinu rétt sunnan við smáhýsið virtist vera línulaga strúktúr sem lá í norðvestur-suðaustur fram hjá smáhýsinu. Tekinn var smár skurður til að kanna hvort þar væru fornleifar. Við uppgröft á skurðinum kom í ljós að þar væri lítill torfveggur sem var einungis um 45 cm á breidd. Líklega hefur þarna verið lítið garðlag eða skjólveggur fyrir líklegt eldstæði sem var staðsett utan við suður vegg smáhýsis.



Þetta líklega eldstæði [708/711] var staðsett á milli suður veggjar [702] og garðlags [724].

Mynd 53. Teikning af smáhýsinu. Þar er að sjá eldstæðið utan við suður vegg smáhýsis. Tölvuteikning: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.



Sunnarlega í skurðinum var líklegt hrun út frá vegg smáhýsisins sem hefur flats út og yfir eldstæðið.

Skurðinum var lokað með torfi við lok uppgrftar.



Mynd 54. Prufuskurður 8 lokaður með torfi. Myndin er tekin í suðvestur. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

### 3.7 Svæði G – Kolageymsla/reykkofi

Sumarið 2021 var rannsakað bygginu sunnan við skálann og smáhýsið en borkjarnarannsókn hafði bent til þess þar væri bygging með mjög svörtu gólfi. Við rannsóknir það sumar virðist ekki hafa verið grafið nógu djúpt niður þar sem talið var að nær ekkert torf hafi varðveist úr veggjum hússins. Ástæðan fyrir þessu hefur líklega verið að ekki gafst nægur tími til að rannsaka þetta stóra svæði með fáum fornleifafræðingum og nemum, þar sem rannsóknaráætlun sumarsins 2021 breyttist vegna björgunarrannsóknar á sunnanverðum Vestfjörðum.

Vegna þessa var ákveðið að hreinsa af svæðinu og með því að fjarlægja um 5 cm af yfirborðslagi komu torf slitrur í ljós víðsvegar um svæðið, en þá einna helst við vegg hússins að utan til. Ljóst er að veggir hússins hafi verið reistir úr torfi og möl þar sem torf hefur verið staflað upp við innri og ytri brún veggjar og svo möl verið sett á milli sem einskonar einangrun.

Enn er ekki vitað hvert hlutverk hússins hefur verið, en nýjar tilgátur eru að húsið getur hafa verið notað sem einhverskonar reykkofi í stað kolageymslu. Er þetta vegna þess að ekki fundust stórir molar af kolum sem væri líklegt að finna í kolageymslu. Eftir að svæðið var stækkað til suðurs kom í ljós svört og kolarík lög. Kolin í þessum lögum voru blönduð viðarkol og kolaður þari. Líklega hefur þessum kolaríku lögum verið mokað út úr húsinu á einhverjum tímapunkti og hefur það hulið eldstæðið sem var þar undir.

Eldstæðið hafði að geyma eldsprungna steina. Mögulega hefur í því verið brenndur viður og þari og því svo hent inn í húsið til þess að framleiða mikinn reyk. Frekari rannsóknir á sýnum úr eldstæðinu munu leiða það í ljós. Ekkert benti til þess að eldstæði hafi verið innan í húsinu. Jarðvegssýni höfðu þegar við greind af sérfræðingum í Bradford Háskóla eftir rannsóknir sumarið 2021 sem sýndu fram á að eldur hafi aldrei logað innan í húsinu. Þar að auki voru öll dýrabein sem fundust á svæðinu óbrennd.

Ef haldið er við upprunalega kenningu um hlutverk hússins er líklegt að þarinn hefur verið brenndur, geymdur í húsinu og svo notað sem eldsneyti ásamt viðarkolum. Brenndur þari getur einnig hafa verið notaður við járnvinnslu og við að lita ull.<sup>2</sup> Passar það við járnvinnslustarfsemi sem var staðsett á Auðkúlu. Frekari greiningar á sýnum frá bæði járnvinnslusvæðinu (svæði B) mun líklega leiða í ljós hvort að þari hafi verið notaður við járnvinnslu. Rannsóknir í tilraunaforneifafraeði hafa hinsvegar sýnt fram á að ekki sé líklegt að þarinn hefur verið notaður við járngerðina sjálfa heldur notað við járnsmíði.<sup>3</sup>

Kolaði þarinn sem var sjáanlegur í þessum lögum var líklega að mestu bólupang (*fucus vesiculosus*) og var það sjáanlegt með berum augum. Þó eiga smásjágreiningar eftir að fara fram og líklegt að fleiri gerðir af þara finnist þar inn á milli. Brenndur þari af þessari gerð fundust við uppgrefti á Lækjargötu 10-12<sup>4</sup> og Alþingisreitnum í Reykjavík<sup>5</sup> og í Vatnsfirði á Vestfjörðum<sup>6</sup>. Þau þarasýni sem fundust við þessa uppgreftri hafa verið tengdir við

---

<sup>2</sup> Mooney, 2009. Bls. 128.

<sup>3</sup> Sebire, 2013.; Mooney, 2018. Bls. 13.

<sup>4</sup> Lísabet Guðmundsdóttir og Davíðsdóttir. 2017.

<sup>5</sup> Vala Garðarsdóttir. 2010.; Vala Garðarsdóttir. 2013.

<sup>6</sup> Mooney, 2018. Bls. 1, 12

járnvinnslu. Í Vatnsfirði fannst brenndur þari í gólfögum og ruslalögum í smiðjunni og sýnir það fram á notkun við járnsmíði.<sup>7</sup>

Við lok uppgrftar var komið torfi fyrir á veggjum hússins og voru stoðarholur fylltar með jarðveg og steinum svo að húsið gæti verið til sýnis fyrir ábúendur og ferðamenn á staðnum líkt og skálinn og smáhýsið.



*Mynd 55. Kolageymsluhús eða reykkofi lokað með torfi. Drónamynd: Kate Fitzpatrick.*

---


<sup>7</sup> Mooney, 2018. Bls. 1, 12



### 3.8 Svæði H – Hús 1 og Hús 2

Prufuskurður 6 sem tekinn var norðan til á svæði H sýndi að þar hafi verið tveir torfveggir eða garðlög sem lágu í austur-vestur. Líklega var þarna einhverskonar gerði sem umkringdu Hús 1 og Hús 2. Ekki er vitað hvort þessi garðlög séu samtíða eða hvort þau voru samtíða Húsi 1 eða Húsi 2. Nyrðra garðlagið [967] virðist vera bogadregið og tengist við vegg [905] á Húsi 1. Garðlagið er það sama og torfveggur [918] sem liggur í norður-suður. Ekki var hægt að sjá við uppgröft 2022 hvernig veggur [905] tengist vegg [918], þ.e. hvor veggurinn var byggður á undan.


Ekki er vitað hvar upptök garðlags [965] er staðsett en gera má ráð fyrir því að garðlagið tengist við garðlag [918/967] í austur enda þar sem mátti sjá torf í norður sniði á uppgraftarsvæði H. Ekki var hægt að sjá hvort garðlagið haldi áfram til vesturs niður brekkuna. Líklega er þetta garðlag það sama og garðlag [968] sem var sjáanlegt í Prufuskurði 7.



Mynd 56. Teikning af Húsi 1, Húsi 2 og garðlögum [918/967], [968] og [965]. Þar hefur teikningum í fleti verið bætt inn þar sem staðsetning prufuskurða 6 og 7 voru. Upp er í norður. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

Rannsóknunum á Húsi 2 er lokið og var ákveðið að opna prufuskurð í stað þess að opna yfir öllu svæðinu. Var það gert vegna þess að lítið var eftir af húsinu þar sem það hefur verið raskað og erfitt var að greina á milli rasks og vegg hússins.

Við lok uppgrftar var komið torfi fyrir í báðum prufuskurðunum. Eftir er að taka plastið af uppgriftarsvæði H þar sem vonast er til að gróðurinn þar undir taki við sér og torfi svo komið fyrir á veggjum næsta sumar.



Mynd 57. Til vinstri: Prufuskurður 6 lokaður með torfi. Horft til norðvesturs. Til hægri: Prufuskurður 7 lokaður með torfi. Horft til norðurs. Ljósmyndir: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

### 3.9 Svæði I – Fjós

Búið var að staðfesta staðsetningu og gerð fjóssins sumarið 2022 með tveimur prufuskurðum (Prufuskurður 4 og 5). Nýr prufuskurður í fjósið var því gott viðfangsefni til kennslu þar sem vitað var hvað búist var við að finna og hvar. Það sama var að sjá í prufuskurði 9 og var að sjá í prufuskurði 4. Þ.e. að fjósið hafi verið mikið hrunið og þá einna helst í átt að miðju rústarinnar, bæði austur og vestur veggir voru sjáanlegur, básar og steinahellur í botni fjóssins.



Mynd 58. Hér er prufuskurður 9 í fjósið lokað með torfi. Horft til austurs. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Ekki var vitað um staðsetningu fjóssins þegar skógræktarreitir var gerður nærri bæjarstæðinu fyrir nokkrum áratugum. Þetta er gott dæmi um hvernig skógur getur, á aðeins á nokkrum árum læst sig í minjar og skemmt þær. Þrátt fyrir að skógurinn hefur náð að sá sér yfir fjósið að mestu leiti þá hefur verið hægt að fá nokkuð góða mynd af því.



## 4. Gripir og Sýni


Við rannsóknina sumarið 2023 fundust alls 29 gripir á fjórum svæðum. Átta gripir fundust á svæði B, einn á svæði C, sex á svæði G og 14 á svæði D úr öskuhaugnum. Gripir úr járni var algegnasti gripaflokkurinn og fundust alls 16 gripir úr járni. Þar á eftir voru 10 gripir úr steini, tveir úr gleri og einn úr rafi. Í töflunni hér að neðan er að sjá hlutverk þessara gripa og fjölda.

Tafla 1. Hlutverk og efni gripa fundnir á Auðkúlu sumarið 2023. Alls voru gefin 29 fundanúmer á fjórum svæðum.

Hlutverk	Efni	Fjöldi fundanúmera
Brýni	Steinn	1
Gjall	Járn	3
Kljásteinn	Steinn	1
Kola	Steinn	2
Lóð	Steinn	1
Lykill	Járn	1
Nagli	Járn	7
Örvaroddur	Járn	1
Óþekkt	Járn	3
Óþekkt	Steinn	4
Perla	Gler	2
Perla	Raf	1
Perla	Steinn	1
Stöng	Járn	1

Alls voru 77 sýni tekin á fjórum svæðum, þ.e. 43 sýni voru tekin á svæði B, 27 sýni á svæði G, eitt á svæði D og eitt á svæði I. Mest var tekið af jarðvegssýnum til að greina jarðveginn og voru það 31 sýni eða 40% sýna sem voru tekin. Næst voru dýrabein sem voru 21 talsins (27%), 14 kolasýni voru tekin (18%), níu gjallsýni (12%), einn viður (2%) og ein skel (1%).

Tafla 2. Prósentuhlutfall sýna sem voru tekin sumarið 2023.



## 4.1 Svæði B

Á járnvinnslusvæðinu fundust alls átta gripir og voru þeir allir úr járni. Í töflunni hér að neðan er að sjá hlutverk þessara gripa og fjölda. Alls fundust sex gripir í lagi [267] og voru það þrír járngríp með óþekkt hlutverk (**B-F#002, B-F#004 og B-F#005**), tveir naglar (**B-F#001 og B-F#003**) og járnstöng (**B-F#006**). Einn gjall moli (**B-F#007**) fannst í lagi [271] og einn járn nagli (**B-F#008**) í lagi [290].

Tafla 3. Hlutverk og efni gripa fundnir á svæði B sumarið 2023. Alls voru gefin átta fundanúmer á svæði B.

Hlutverk	Efni	Fjöldi fundanúmera
Gjall	Járn	1
Nagli	Járn	3
Óþekkt	Járn	3
Stöng	Járn	1

Á svæði B voru tekin 43 sýni. Þar af voru 24 jarðvegssýni, níu gjallsýni, níu kolasýni og eitt viðarsýni.

## 4.2 Svæði C

Einungis einn gripur fannst á svæði C og var það líklegt steinlóð eða kljásteyn (**C-F#300**) sem fannst í fyllingu [305] á gröf sem hafði verið grafin áður.

Tafla 4. Hlutverk og efni gripa fundnir á svæði C sumarið 2023. Einungis var einn gripur fundinn á svæði C.

Hlutverk	Efni	Fjöldi fundanúmera
Lóð	Steinn	1

## 4.3 Svæði D

Alls fundust 14 gripir við uppgröftinn á skurðinum í öskuhaugnum. Allir gripirnir fundust í sama lagi. Mest var um gripi úr járni, eða sex talsins, þar á eftir fundust fimm gripir úr stein, tveir úr gleri og einn úr rafi. Í töflunni hér að neðan er að sjá hlutverk þessara funda og fjölda.

Tafla 5. Hlutverk og efni gripa fundnir á svæði D sumarið 2023. Alls voru gefin 14 fundanúmer á svæði D.

Hlutverk	Efni	Fjöldi fundanúmera
Brýni	Steinn	1
Gjall	Járn	1
Lykill	Járn	1
Nagli	Járn	3
Örvaroddur	Járn	1
Óþekkt	Steinn	3
Perla	Gler	2
Perla	Raf	1
Perla	Steinn	1

Fimm sýni voru tekin úr öskuhaugnum á svæði D til aldursgreiningar. Voru það blönduð dýrabein (**D-S#001 og D-S#002**), tvö kolasýni (**D-S#003 og D-S#005**) og eitt skeljar sýni (**D-S#004**). Eitt kolasýni (**D-S#006**) var tekið úr miðju fyllingu **[611]** á soðholu **[609]** til aldursgreiningar.

#### 4.4 Svæði G

Á svæði G fundust alls sex gripir og voru fjórir úr stein og tveir úr járn. Í töflunni hér að neðan er að sjá hlutverk þessara gripa og fjölda. Þrír gripir fundust í lagi **[817]** og voru það kola (**G-F#004**), kljásteyinn (**G-F#005**) og nagli (**G-F#003**). Einn gjall moli (**G-F#001**) fannst í lagi **[813]**, einn með steinn með óþekkt hlutverk (**G-F#002**) í lagi **[801]** og ein líkleg kola (**G-F#006**) í lagi **[827]**.

Hlutverk	Efni	Fjöldi fundanúmera
Gjall	Járn	1
Kljásteyinn	Steinn	1
Kola	Steinn	2
Nagli	Járn	1
Óþekkt	Steinn	1

Á svæði G voru tekin 27 sýni. Þar af voru 19 dýrabein, sex jarðvegssýni og tvö kolasýni.

#### 4.5 Svæði I

Einungis eitt jarðvegssýni var tekið úr botni á prufuskurði 9 í fjósinu úr lagi **(1018)** til að kanna hvort mykju væri að finna í laginu milli steinahellna í botninum.



## 5. Lokaorð

Rannsóknin Arnarfjörður á miðöldum hefur þróast á þeim árum frá því að rannsóknin hófst árið 2011. Rannsóknirnar hafa sýnt að á Parti er að finna einstaka óraskaða minjaheild. Þar eru í jörðu rústir heildstæðs landnáms- og miðaldabýlis auk iðnaðarsvæðis þar sem járnvinnsla fór fram. Á Auðkúlu hafa rannsóknir farið fram á skála, járnvinnslusvæði, fjósi, tveimur íveruhúsum, kolagröfum, rauðageymsluhúsum, kirkjugarði, bænhúsi, smáhýsi, reykhusi, túngarði og öskuhaug. Auk þessara minja er mjög líklegt að fleiri minjar sé að finna á þessu svæði.

Rannsónum er nú lokið á Auðkúlu og tekur við úrvinnsla á þeim gögnum sem hefur verið safnað saman síðustu ár síðan rannsóknir hófust þar árið 2016. Að geta rannsakað svo heildstætt minjaumhverfi mun auka skilning okkar á þróun landnáms á Vestfjörðum og landinu öllu og er mikilvægt að halda þessum rannsóknum áfram.

---

## 6. Heimildaskrá

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1940. VII. bindi. Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Lísabet Guðmundsdóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir. 2017. *Fornleifarannsókn á lóð Lækjargötu 12. 2. bindi – svæði B*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Mooney, D.E. 2009. Fuel Resources at Vatnsfjörður: An Archaeobotanical Perspective. í K. Milek (ritstj.) *Vatnsfjörður 2008: Framvinduskýrslur/Interim Report*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Bls. 117-131.


Mooney, D.E. 2018. Charred Fucus-type seaweed in the North Atlantic: a survey of finds and potential uses. *Environmental Archaeology: The Journal of Human Palaeoecology*. Bls. 1-13.

Sebire, M. 2013. *Seaweed, Swords and Smoke. Assessing the practical significance of seaweed in a metalworking context during the Viking Age*. MA ritgerð, University of Aberdeen


Vala Garðarsdóttir. 2010. *Fornleifauppgröftur á Alþingisreitnum 2008-2010. Bindi I*. Reykjavík.

Vala Garðarsdóttir. 2013. *Alþingisreiturn 2012-2013. Fornleifarannsókn – uppgröftur á lóð Alþingis. Bindi I*. Reykjavík.


## 7. Teikningar í fleti




Mid-ex af uppgriftarsvæði B











Teikning í fleti af Profuskurði 6 á svæði H




Teikning í fleti af Profuskurði 7 á svæði H

## 8. Snið teikningar


Snið sem snýr í vestur af svörtu lagi (808) og (818) á svæði G




Snið sem snýr í suður á mögulegri stöðarholu [299] á svæði B




Snið sem snýr í vestur á lagi (300) á svæði B




Snið sem snýr í suður á mögulegu ektistæði [829] á svæði G



Snið sem snýr í suður á holu [311] á svæði B




Snið sem snýr í suður á holu [314] á svæði B




Snið sem snýr í norðaustur á lagi (302) á svæði B



Snið sem snýr í suður á stöðarholu [833] á svæði G












Snið sem snýr í suður á stöðarholu [831] á svæði G




Snið sem snýr í suður á lagi (304) á svæði B









Snið sem snýr í austur á Prufuskurði 6 á svæði H



Snið sem snýr í norður á Prufuskurði 7 á Svæði H



Snið sem snýr í norður á Prufuskurði 9 á svæði I



## 9. Skrár - Svæði B

### 9.3 Contextaskrá

Context	Gerð	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing
264	Yfirborðslag	B	9.8.2023	MH	Yfirborðslag. Ljósbrúnt laust rötarmikið og ormétið yfirborðslag sem lá yfir öllu svæðinu og innihélt kolaflögur og kolamola og möl. Lagið var um 30 cm á lengd.
265	Torfveggur	B	9.8.2023	MH	Þétt, appelsínugult/ rauðbrúnt torf í torfvegg sem liggur L laga yfir svæðið. Svart lag [267] liggur upp að honum að sunnanverðu og náttúrulegt [277] norðan við hann. Skurður [280] fyrir ljósleiðara sker hann í vestur enda. Lengd: 3 m+, breidd: 85 cm og þykkt: 30 cm.
266	Vindborið lag	B	9.8.2023	MH	Ljósbrúnt siltað lag undir yfirborðslagi [264] og yfir lagi [267]. Lagið lá yfir öllu svæðinu og er að öllum líkindum vindborið efni.
267	Svart kolaríkt lag	B	9.8.2023	MH	Svart kolaríkt lag sem á yfir meirihluta svæðisins. Lagið var þétt, svart með brúnum skellum, siltað og kolaríkt sem innihélt gjall og litla steina. Lagið lá yfir öllum holum og sem voru að finna á svæðinu. Líklega hefur þetta lag smitast vút frá vinnusvæðinu. Lengd: 7 m+, breidd: 3 m+ og þykkt:
268	VOID	VOID	VOID	VOID	VOID
269	VOID	VOID	VOID	VOID	VOID
270	Skurður á ofni	B	21.8.2023	MH	Hinn helmingur ofns sem var grafinn árið 2016. Skurðurinn var hringlaga í plani og hafði brattar hliðar og u-laga botn. Stór steinn er í botninum í ofninum.
271	Fylling í ofni [270]	B	21.8.2023	MH	Fylling í ofni [270]. Fyllingin er svört og er mikið um kol og gjall efst, sést í rauða fyllingu sem inniheldur nokkuð af stærri kolum en er að mestu kolasalli. Neðarlega er rauðleit panna úr rauða. Fyrir miðju er mikið af muldu járnríku renndu gjalli.
272	Fylling í ofni [270]	B	21.8.2023	MH	Líkleg leir pípa sem var einnig sjáanleg í hinum helmingi ofnsins. Lífrænt ljóst lag sem var mjög mjúkt og leirkennt. Leirinn var 25 cm á lengd, 4 cm á breidd og 5 cm á dýpt.
273	Skurður á kolaholu	B	22.8.2023	MH	Undir [272] var skurður sem var á breidd og með sömu lögun. Skurðurinn er líklega hefur loft inn í ofninn. Skurðurinn er undir leirkennt
274	Fylling í holu [273]	B	22.8.2023	MH	Fylling í [273]



Context	Gerð	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing
275	Svart kolaríkt lag	B	24.8.2023	KSR	Svart kolasmitað lag. Fyrst talið vera fylling í ofni en kom svo í ljós að væri bara lag yfir holu [286]. Lagið var þétt en molnað auðveldlega. Svart silt og kol með brúnum skellum sem innihélt kolamola, smáa steina og gjall.
276	Brennt torf/blandað náttúrulegu	B	24.8.2023	KSR	Mögulega brennt torf sem liggur á víð og dreif um svæðið í og undur svörtu lagi [267]. Líklega hefur þetta verið torf í ofnum sem hefur verið rífið í sundur og hent út til hliðanna. Lagið er laust, rauð-appelsínugult á lit, líklega brennt torf og sandur sem innihélt smáa steina og mól.
277	Náttúrulegur jarðvegur	B	24.8.2023	KSR	Náttúruleg rauður jarðvegur sem var sjáanlegt í botni á holum [291] og [293]. Staðsett í norðvestur horni. Lagið var þétt milli brúnt og rauður sendinn og siltuð mól sem innihélt smáa steina og mól. Lengd: 7m+, breidd: 3 m+ og þykkt 1 cm+.
278	Steinar í miðjum ofni [270]	B	24.8.2023	KSR	Stór steinn staðsettur í ofni [270]. Steinninn er að öllum líkindum tengdur járngerð eða að hann hafi fallið þar ofan í þegar ofninn var tekinn í sundur. Mögulega er önnur fylling undir steininum. Steinninn var 48 cm á lengd, 16 cm á breidd og 14 cm á þykkt.
279	Steinar við jaðar ofns [270]	B	24.8.2023	KSR	Steinar sem eru við brún ofns [270]. Mögulega klæða þeir efri brún ofnsins og hefur svo verið torfi hlaðið þar upp. Lengd: 26 cm, breidd: 10 cm og þykkt: 11 cm.
280	Skurður fyrir jarðstreng	B	24.8.2023	AR	Nútímaskurður á ljósleiðara sem var líklega lagður milli 1980 og 1990 sem liggur í NV-SA og kemur frá suður sniðu um 20 cm frá suðvestur horni og liggur yfir í mitt vestur snið. Sker vegg [265] og holu [293]. Skurðurinn er línulaga með brattar hliðar og V-laga botn. Skurðurinn er 1.71 m á lengd, 10 cm á breidd og 29 cm á þykkt.
281	Fylling í skurði [280] fyrir jarðstreng	B	24.8.2023	AR	Fylling í skurði fyrir ljósleiðara [280]. Fyllingin er blanda af lögum sem hefur verið plægt í gegnum. Fyllingin er þétt skellótt svört, ljósbrún og bleik silt sem innihélt mikið af kolum. Lengd: 1.71 m, breidd: 29 cm og þykkt: 10 cm.
282	Skurður á holu	B	24.8.2023	AR	Skurður á holu sem er skorin í fyllingu [292]. Skurðurinn er hringlaga með brattar hliðar og rúnaðan botn. Lengd: 52 cm, breidd: 30 cm og þykkt: 15 cm.
283	Fylling í holu [282]	B	24.8.2023	AR	Fylling í holu [282] sem var þétt, skellótt brún, beislituð, dökkbrún og rautt torf. Fyllingin var 52 cm á lengd, 30 cm á breidd og 15 cm á þykkt.
284	Skurður á kolaríkri holu	B	28.8.2023	KSR	Skurður á kolaholu sem var aflöng í laginu (bananalaga) með bratta hlið í

Context	Gerð	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing
					norður enda, aflíðandi hlið í suður enda og rúnaðan botn. Holan virðist hafa verið kolageymsluhola þar sem enginn bruni hefur átt sér stað og var einungis kolaríkur jarðvegur. Líklega tengist holan járnvinnslu þar sem þörf var á að hafa kol nálags. Holan er staðsett um 5 cm norðaustur frá brún á ofni [270]. Holan var 80 cm á lengd, 37 cm á breidd og 10 cm á þykkt.
285	Fylling í kolaríkri holu [284]	B	28.8.2023	KSR	Kolafylling í kolaholu [284] Fyllingin var þétt en molnaði auðveldlega, svört kol og silt sem innihét mikið af kolamolum og smáum steinum. Fyllingin var 80 cm á lengd, 37 cm á breidd og 10 cm á þykkt.
286	Skurður á kolaholu	B	28.8.2023	KSR	Hringlaga skurður á kolaholu eða kolagröf. Holan er heldur grunn en hefur tvær fyllingar. Holan er skorin í kolaríkan jarðveg [296]. Holan er hringlaga í plani með aflíðandi hlið sunnan megin, bratta hlið við norður endann og flatan botn. Holan er 1 m á lengd, 86 cm á breidd og 15 cm á þykkt.
287	Efri fylling í kolaholu [286]	B	28.8.2023	KSR	Efri fylling á mögulegum kolageymsluholu eða kolagröf [286]. Líklega er þetta torf sem hefur farið ofan í holuna eftir að holan var í notkun. Fyllingin liggur yfir kolaríkri fyllingu [288]. Fyllingin var þétt, millibrúnt og grátt torf og silt sem innihélt kolaflögur og smáa steina. Lengd: 92 cm , 22 m á breidd og 3,5 cm á þykkt.
288	Neðri fylling í kolaholu [286]	B	28.8.2023	KSR	Neðri fylling á kolaholu eða kolagröf [286]. Fyllingin var laus svört kol með lítið af silti á milli. Mikið var um misstóra kolamola í fyllingunni. Lengd: 1 m , breidd: 86 cm og þykkt: 12 cm.
289	Kolaríkt lag	B	28.8.2023	KSR	Kolaskella sem var um 20 cm suðaustan við kolaholu [286]. Mögulega útmokstur úr kolagröf. Hlutverk ekki fullvitað en ekki var að ská skurð undir fyllingunni. Lagið var laust svart kolaríkt silt sem innihélt mikið af kolum. Lengd lagsins var 40 cm, breidd: 30 cm og þykkt: 3 cm.
290	Svart lag með brenndum beinum	B	29.8.2023	AR	Kolaríkt lag sem var næstum hringlaga í laginu sem lá yfir holu [291] að hluta til. Lagið var þétt, svart með gráum skellum siltað kol og brennd bein. Undir þessu lagi kom lag [310]. Lagið var á lengd, á breidd og á þykkt.
291	Skurður á holu	B	29.8.2023	AR	Skurður á holu sem var staðsett í suðvestur horni uppgraftarsvæðis. Holan var hringlaga í plani með brattar hliðar og rúnaðan botn. Hóla [282] var skorin í fyllingu [291]. Hliðar holunnar víðast vera klæddar að hluta til með

Context	Gerð	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing
					grjóti. og eru einnig steinar í botninum. Holan var 72 cm á lengd, 82 cm á breidd og 20 cm á dýpt.
292	Fylling í holu [291]	B	29.8.2023	AR	Fylling í holu [291]. Fyllingin var þétt, svört silt og kol með brúnum og gráum skellum sem innihélt gjall. Lengd: 72 cm og 17 cm á þykkt.
293	Skurður á holu	B	29.8.2023	AR	Skurður á holu sem er skorinn af ljósleiðara skurði [280] rétt suðvestan við holu [291]. Holan var hringlaga í plani með brattar hliðar og rúnaðan botn. Þó var vestur hlið holunnar meira aflíðandi en erfitt að segja þar sem hliðin var skorin af [280]. Holan hafði að geyma tvær fyllingar [294] og [295]. Lengd: 88 cm, breidd: 80 cm og þykkt: 20 cm.
294	Fylling í holu [293]	B	29.8.2023	AR	Fylling í holu [293]. Fyllingin var skorin af skurði fyrir ljósleiðara [280]. Fyllingin var þétt, svört silt sem innihélt kol, gjall, brennd bein og möl. Lengd: 88 cm, breidd: 80 cm og þykkt: 20 cm.
295	Leir lag í holu [293]	B	29.8.2023	AR	Mögulega leir lag innan í fyllingu [294]. Lagið var þéttur grár leir sem innihélt kol. Lengd: 15.5 cm og þykkt: 2,5 cm.
296	Kolaríkt torflag	B	29.8.2023	KSR	Kolaríkt lag staðsett í suðaustur og austur enda á uppgrafatsvæðinu. Lagið var þétt torfkenndur siltaður sandur, brúnt til dökkbrúnt að lit og innihélt mikið af kolaflögum. Lengd: 1.37 m og breidd: 96 cm.
297	Skurður á holu	B	29.8.2023	AR	Hringlaga skurður á holu sem gengur með smá halla niður í náttúrulegan jarðveg. Líklega er þetta lítil stoðarholu eða stór pinnaholu sem var staðsett norðan við ofn [270]. Skurðurinn var hringlaga í laginu með brattar hliðar og V-laga botn. Lengd: 17cm, breidd: 15 cm og dýpt: 10 cm.
298	Fylling í holu [297]	B	29.8.2023	AR	Fylling í stoðarholu eða pinnaholu [297]. Fyllingin var svört silt og kol með gráum skellum sem innihélt kolamola og brennd bein. Lengd: 17cm, breidd: 15 cm og dýpt: 10 cm.
299	Skurður á mögulegri stoðarholu	B	30.8.2023	AR	Skurður á mögulegri stoðarholu sem er staðsett sunnan við vegg [265] og norðan við [304]. Litlum steinum hafði verið raðað í hálfhring utan um holuna austan megin. Holan var hringlaga með aflíðandi hliðar og rúnaðan botn. Lengd: 24 cm, breidd: 20 cm og dýpt: 7 cm.
300	Fylling í mögulegri stoðarholu	B	30.8.2023	AR	Fylling í mögulegri stoðarholu [299]. Fyllingin var laus og fín brún rauðleit möl. Lengd: 12 cm, breidd: 10 cm og dýpt: 7 cm.



Context	Gerð	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing
301	Skurður á mögulegum pinnaholum	B	30.8.2023	AR	Skurður á mögulega tveimur pinnaholum sem eru staðsettar rétt austan við holu [284]. Líklega tengjast þessar pinnaholur einhverri starfsemi við ofn [270]. Holurnar eru hringlaga í laginu með brattar hliðar og flatan botn. Fyllingin í holunum var laus dökkgrár siltaður sandur og innihélt kolaflogur. Báðar pinnaholurnar voru 7 cm í þvermál og um 4 m á dýpt.
302	Svart kolaríkt lag	B	30.8.2023	AR	Svart kolalag með smá torfskellum staðsett vestan við svart kolaríkt lag [303]. Lagið var þétt svart silt og kol með brúnum skellum og innihélt brennd bein. Lagið var 1 m á lengd, 44 cm á breidd og 10 cm á þykkt.
303	Svört kolarík fylling á holu [311]	B	30.8.2023	AR	Svört kolarík fylling á holu [311] sem var staðsett austan við kolaríkt lag [302] og vestan við blandað kolaríkt lag [304]. Fyllingin var þétt svart silt og kol með brúnum skellum. Fyllingin var 40 mc á lengd, 30 cm á breidd og 9 cm á þykkt.
304	Blandað kolaríkt lag	B	30.8.2023	AR	Blandað kolaríkt lag staðsett austan við kolaríkt lag [303] og norðvestan við [svart kolaríkt lag [305]. Lagið var þétt svart og dökkbrún að silt með gráum skellum og innihélt smá brennd bein. Lagið var 90 cm á lengd, 80 cm á breidd og 5 cm á þykkt.
305	Svart kolaríkt lag	B	30.8.2023	AR	Svart ílangt kolaríkt lag staðsett suðaustan við blandað kolaríkt lag [304]. Var fyrst talið að gæti hafa verið kola en það mótaði ekki fyrir skurði undir og því líklega fyllt náttúrulega dæld í landslaginu. Lagið var þétt, svart silt sem var 55 cm á lengd, 30 cm á breidd og 12 cm á þykkt.
306	Skurður á stoðarholu	B	30.8.2023	MH	Skurður á stoðarholu. Kringlótt í laginu. 15 cm á lengd, 13 cm á breidd og 12 cm á dýpt.
307	Fylling í stoðarholu [306]	B	30.8.2023	MH	Svart kolalag eins og yfirborð í áberandi stoðarholu 50 cm frá [297]. Eins og svarta yfirborðslagið. Mjög skýr fylling.
308	Torflag	B	31.8.2023	AR	Torf lag staðsett í austur enda uppgraftarsvæðis. Mögulega er þetta sama og lag [309] við vestur enda holu [286]. Lagið er þétt torf og silt sem var appelsínugult og rauðbrúnt á lit og innihélt smáar kolaflogur. Lagið var 2 m á lengd, 1,5 m á breidd og ekki vitað um þykkt að svo stöddu þar sem ekki er búið að rannsaka lagið að fullu.
309	Torflag	B	31.8.2023	AR	Torflag staðsett vestan við holu [286] líklega er þetta það sama og [308] sem er að sjá austan við holu [286]. Lagið var þétt torf og silt sem var appelsínugult og rauðbrúnt á lit og

Context	Gerð	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing
					innihélt smáar kolaflögur. Lagið var 70 cm á lengd, 30 cm á breidd og ekki vitað um þykkt að svo stöddu þar sem ekki er búið að rannsaka lagið að fullu.
310	Leirlag	B	31.8.2023	AR	Grátt leirlag sem var staðsett undir lagi [290] rétt ofan á fyllingu [292] í holu [291]. Lagið var þéttur grár leir sem innihélt kolaflögur og kolamola. Lagið var 35 cm á lengd, 40 cm á breidd og 5 cm á þykkt.
311	Skurður á líftilli holu	B	31.8.2023	KSR	Skurður á hringlaga holu sem fyrst var haldið vera fylling í dæld en með frekari rannsókn kom í ljós greinilegur skurður var að finna undir fyllingunn. Hlutverk holunnar er ekki enn vitað. Holan var hringlaga í laginu með brattar hliðar og rúnaðan botn. Holan var 40 cm á lengd, 30 cm á breidd og 9 m á dýpt. innihélt fyllingu [303].
312	Pinnaholur x 2	B	31.8.2023	KSR	Tvær pinnaholur staðsettar upp v norður vegg [265]. Um 1 m bil var á milli holanna og voru þær báðar mjög grunna. Líklega er einungis bara botn þeirra eftir. Pinnaholurnar voru hringlaga í laginu með brattar kúptar hliðar og flatan botn. Fylling holanna var laus, svargrá silt og kol sem var um 8 cm í þvermál og 5 cm djúpar.
313	Kolaríkt skella	B	31.8.2023	KSR	Kolaríkt lag upp við vegg [265] í norður enda. Um 50 cm austan við pinnaholur [312] og 15 cm norðvestur af holu [286]. Mögulega bara staðsetning þar sem stórum kolamolum var hent þar sem enginn greinilegur skurður var sjáanlegur. Lagið var þétt appelsínugult og svört siltaður sandur og kol og innihélt stóra kolamola. Lagið var 30 cm á lengd, 26 cm á breidd og ekki vitað um þykkt þess að svo stöddu.
314	Skurður á líftilli holu	B	31.8.2023	KSR	Skurður á líftilli holu eða pinnaholu staðsett undir skurði á holu [286] í vestur enda holunnar. Holan er línu við pinnaholu [316] sem er um 80 cm suðaustan við holuna. Holan var hringlaga í laginu með aflíðandi hliðar og flatan botn. Holan var um 15 cm í þvermál og 5 cm á dýpt.
315	Fylling í líftilli holu [314]	B	31.8.2023	KSR	Fylling í líftilli holu eða pinnaholu [215]. Fyllingin var laus, svört kol og silt sem var um 15 cm í þvermál og 5 cm þykk.
316	Pinnahola	B	31.8.2023	KSR	Pinnahola sem var staðsett undir kolaríku lagi [296] sem hola [286] var skorin í. Pinnaholan er um 40 cm sunnan við holu [286]. Holan var hringlaga í laginu með brattar hliðar og V-laga botn. Fyllingin var milli þétt svargrá silt og kol sem var um 10 cm í þvermál og 4 cm þykk.

## 9.4 Fundaskrá

Fundanr.	Context	Efni	Gerð	Dagsetning	Nafn	Lýsing
1	267	Járn	Nagli	9.8.2023	KS	Nagla búkur
2	267	Járn	Óþekkt	9.8.2023	KS	Lítill járngripur með óþekkt hlutverk
3	267	Járn	Nagli	9.8.2023	KS	Naglahaus
4	267	Járn	Óþekkt	10.8.2023	KS	Járngripur með óþekkt hlutverk
5	267	Járn	Óþekkt	10.8.2023	KS	Nagla búkur
6	267	Járn	Stöng	24.8.2023	KSR	Járn stöng (ingot)
7	271	Járn	Gjall	29.8.2023	KSR	Gjall molar út lagi 271
8	290	Járn	Nagli	31.8.2023	AR	Lítill járn nagli.

## 9.5 Sýnaskrá

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Lýsing
1	271	Jarðvegssýni	21.8.2023	Mögulegur leir úr ofni
2	271		21.8.2023	Undarlegur ílangur eitthvað
3	271	Kol	21.8.2023	
4	271	Jarðvegssýni	21.8.2023	Rauði úr fyllingu [271] í ofni [270].
5	274	Kol	22.8.2023	Kol úr kolaholu [274]
6	271	Gjall	22.8.2023	Gjall úr fyllingu [271] í ofni [270].
7	267	Kol	22.8.2023	Kol úr svörtu kolalagi
8	271	Kol	22.8.2023	Kol úr fyllingu [271] í ofni [270].
9	271	Gjall	22.8.2023	Gjall úr fyllingu [271] í ofni [270].
10	271	Gjall	22.8.2023	Gjall úr fyllingu [271] í ofni [270].
11	271	Jarðvegssýni	22.8.2023	Rauði úr fyllingu [271] í ofni [270].
12	271	Gjall	22.8.2023	Gjall úr fyllingu [271] í ofni [270].
13	271	Kol	22.8.2023	Kol úr fyllingu [271] í ofni [270].
14	271	Gjall	22.8.2023	Gjall úr fyllingu [271] í ofni [270].
15	271	Jarðvegssýni	22.8.2023	Kol og rauði úr fyllingu [271] í ofni [270].
16	294	Jarðvegssýni	29.8.2023	Grófur og harður jarðvegur úr lagi [294] mjög gjall og kolaríkt lag
17	294	Viður	28.8.2023	Eitthvað lífrænt, mögulega börkur - brunnið
18	271	Gjall	28.8.2023	Blandað gjall og grjót úr fyllingu [271] úr ofni [270]
19	271	Jarðvegssýni	28.8.2023	Rautt lag úr fyllingu [271] úr ofni [270]
20	271	Jarðvegssýni	28.8.2023	Grátt lag úr fyllingu [271] úr ofni [270], líklega leir einangrun sem þarf að fara í greiningu
21	285	Kol	28.8.2023	Kol úr grunnu lagi [285] sem líklega er hluti af ofni [270]
22	271	Gjall	28.8.2023	Mjög glerkennt undarlegt gjall undir stórum steini í lagi [271] í ofni [270].
23	271	Jarðvegssýni	28.8.2023	Rauði úr fyllingu [271] í ofni [270].
24	271	Gjall	28.8.2023	Gjall úr fyllingu [271] í ofni [270].
25	271	Kol	28.8.2023	Kol úr fyllingu [271] í ofni [270].
26	295	Jarðvegssýni	28.8.2023	Leir úr ofni í horni
27	295	Kol	28.8.2023	Kol úr lagi [295]
28	295	Kol	28.8.2023	Kol úr lagi [295]
29	295	Gjall	28.8.2023	Gjall úr lagi 295]
30	295	Jarðvegssýni	29.8.2023	Rauði úr [295]
31	288	Jarðvegssýni	31.8.2023	Kolarík fylling



Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Lýsing
32	295	Jarðvegssýni	31.8.2023	Leir úr mögulegum ofni [293]
33	319	Jarðvegssýni	31.8.2023	Leir úr lagi [310]
34	283	Jarðvegssýni	31.8.2023	Torf úr fyllingu [283]
35	290	Jarðvegssýni	31.8.2023	Svart/grátt lag með brenndum beinum
36	292	Jarðvegssýni	31.8.2023	Svart lag úr mögulegum ofni
37	304	Jarðvegssýni	31.8.2023	Kolaríkt sýni úr lagi [304]
38	404	Jarðvegssýni	31.8.2023	Móösku linsa í lagi [304]
39	300	Jarðvegssýni	31.8.2023	Jarðvegssýni tekið úr fyllingu á holu [299] rauðleiddur sandur
40	305	Jarðvegssýni	31.8.2023	Jarðvegssýni tekið úr lagi [305]
41	303	Jarðvegssýni	31.8.2023	Jarðvegssýni tekið úr lagi [303]
42	302	Jarðvegssýni	31.8.2023	Jarðvegssýni tekið úr lagi [302]
43	313	Jarðvegssýni	31.8.2023	Kol úr kolalagi [313] upp við norður vegg.

## 10. Skrár - Svæði C

### 10.1 Contextaskrá

Context	Gerð	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing
301	Yfirborðslag	C	29.8.2023	KF/JB	Yfirborðslag
302	Náttúrulegur	C	29.8.2023	KF/JB	Náttúrulegur jarðvegur sem er undir
303	Torfveggur	C	29.8.2023	KF/JB	Sama og 308. Torfið í veggnum var strengjatorf, gulbrúnt og innihélt fáar kolaflogur. Veggurinn var 1.94 m á breidd og 34 cm á þykkt.
304	VOID	VOID	VOID	VOID	VOID
305	Fylling í gröf	C	29.8.2023	KF/JB	Fylling í gröf sem þegar hafði verið grafin. Blanda af fyllingu, hruni og yfirborði sett ofan í gröf eftir að hún var grafin.
306	Torf hrun	C	29.8.2023	KF/JB	Torfhrun sem liggur yfir svæðinu. Torfhrunið þar þétt brúnt með gulum blæ sem innihélt smáa steina og fáar kolaflogur. Lagið var sjáanlegt í kringum vegg að utan en mjög lítið var eftir það því þar sem það hafði verið grafið í brutu áður. Lagið var 5 m á lengd og mest um 10 cm á þykkt.

### 10.2 Fundaskrá

Fundanr.	Context	Efni	Hlutverk	Dagsetning	Nafn	Lýsing
300	305	Steinn	Lóð	29.8.2023	KF	Mögulegt steinlóð fundið í fyllingu á gröf sem þegar hafði verið grafinn áður.

## 11. Skrár - Svæði D

### 11.1 Contextaskrá

Context	Gerð	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing
---------	------	-------	------------	------	--------

609	Skurður á mögulegri soðholu	D	15.8.2023	JB	Skurður á mögulegri soðholu staðsett norðan við skálann. Holan var hringlaga í laginu með íhvolfdar hliðar og flatan botn. Holan var 1.1 m í þvermál og 34 cm á dýpt og innihélt þrjár fyllingar [610], [611] og [612]. Sama og [451]
610	Fylling í soðholu [970]	D	15.8.2023	JB	Neðsta fylling í soðholu [609]. Rauð brennd mól sem er líklega brennd eða hituð mól. Fyllingin var þétt rauðfjólublá mól með fáum kolum. Fyllingin var um 2 cm á þykkt.
611	Fylling í soðholu [970]	D	15.8.2023	JB	Miðju kolarík fylling í soðholu [609]. Fyllingin molnaði auðveldlega, svört kol og silt og innihélt brennda steina. Fyllingin var 15 cm á þykkt.
612	Fylling í soðholu [970]	D	15.8.2023	JB	Efsta fylling í soðholu [609]. Fyllingin var mjúk gulbrúnt torf sem var um 15 cm á þykkt. Fyllingin er líklega hrun út frá skála sem hefur sokkið ofan í holuna.
613	Kolaríkt lag	D	18.8.2023	JB	Kolaríkt lag sem hefur líklega legið yfir svæðinu þegar soðholan [609] var grafin. Lagið var svart kol og silt sem molnaði auðveldlega. Torf skellur voru á víð og dreif í laginu. Lagið var 7 cm á þykkt.
614	Sendið torf	D	18.8.2023	JB	Sendið torflag undir kolasmituðu lagi [613]. Lagið var laus sandur sem var gulbrúnn að lit og 9 cm á þykkt. Líklega er þetta náttúrulegur jarðvegur sem liggur yfir náttúrulegum jökulruðningnum.

## 11.2 Sýnaskrá

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Nafn	Lýsing
006	611	Kol	15.8.2023	JB	Kol úr miðju fyllingu á soðholu [609]

## 12. Skrár - Svæði F

### 12.1 Contextaskrá

Context	Gerð	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing
724	Torf veggur	F	18.8.2023	JB	Líklegt garðlag sem liggur í norðvestur-suðaustur sunnan við uppgraftarsvæðið við smáhýsið í Prufuskurði 8. Garðlagið var byggt úr þéttu appelsínugulbrúnu torfi sem var um 50 cm+ á lengd, 45 cm á breidd og 13 cm á þykkt.
725	Hrun	F	18.8.2023	JB	Hrun út frá smáhýsi. Hrúnið var sjáanlegt í Prufuskurði 8 sem tekinn var sunnan við smáhýsið. Hrúnið var mjúkt, ljósbrúnt torf sem var um 25 cm á þykkt.



## 13. Skrár - Svæði G

### 13.1 Contextaskrá

Context	Gerð	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing
801	Yfirborðslag	G	18.8.2023	JB	Yfirborðslag sem var ógrafið frá árinu 2021. yfirborðslagið var staðsett utan við og ofan á veggjum rústarinnar. Yfirborðslagið var þurrt og molnaði auðveldlega, sendin silt með smáum og milli stórum steinum og stöku kolaflögum. Lagið var 17.7 m + á lengd, 9,4 m á breidd og 13 cm á þykkt. Svæðið var stækkað um 7 x 3 m við suður endann.
811	Náttúruleg möl	G	18.8.2023	JB	Náttúrulegur jarðvegur sem er sjáanlegur undir rústinu. Lagið er sjáanlegt í norðvestur horni uppgraftarsvæðis og innan í húsinu. Náttúrulegi jarðvegurinn var þéttur, rauð appelsínugulbrúnn möl og silt sem innihélt stærri steina. Lengd: 12.7 m, breidd: 9.4 m og þykkt: 10 cm +.
812	Svart kolaríkt lag	G	18.8.2023	JB	Svart kolaríkt lag utan við inngang og suður hlið rústarinnar. Lagið liggur ofan á lagi [817] og er meira blandað en neðra kolasmítaða lagið. Lagið molnaði auðveldlega, svart kol og silt með brúnum skellum, smáum steinum og kola molum. Á sumum stöðum var lagið blandað yfirborði og torfskellum á víð og dreif. Lagið var 6.5 m á lengd, 3 m á breidd og 10 cm á þykkt.
813	Torfhrun að utan	G	18.8.2023	JB	Torfhrun utan við vegg hússins. Hrunið var mjög útflatt á sumum stöðum og var auðvelt að greina mun á veggjatorfi og hruni sunnan megin þar sem svart lag [817] var undir hruninu. Í austur, norðaustur og norður enda voru steinar [818] undir hruninu. Lagið var þétt torf og silt sem molnaði auðveldlega, brúnt með ljósbrúnum og dökkbrúnum skellum og innihélt dýrabein, kolaflögur og steina. Lagið náði í kringum rústina og var 1 m á breidd og 20 cm á þykkt.
